



Íslenskar blaðaúrklippur, vegna fráfalls
Bjarna, Sigríðar og Benedikts,
10. júlí 1970, 1. hluti

Bjarni Benediktsson – Sigríður Björnsdóttir – Benedikt Vilmondarson – Fjölskyldan – Íslenskar
blaðaúrklippur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-14


©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Morgunblaðið

153. tbl. 57. árg.

LAUGARDAGUR 11. JÚLÍ 1970

Prentsmiðja Morgunblaðsins



„Í fyrirsvari í þjóðlífi voru“ ... Sorgarorð forseta Íslands, herra Kristjáns Eldjárns við andlát dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmundarsonar, dóttursonar þeirra.

ÞAU sorgartíðindi spurðust snemma morguns í dag, að forsætisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, kona hans, frú Sigríður Björnsdóttir, og ungur dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmundarson, hefðu látið lífið, er forsætisráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann, þegar skammt var liðið nætur.

Slíkur atburður er hörmulegri en svo, að orðum verði yfir komið. Í einu vetfangi er í burtu svipt traustum forustumanni, sem um langan aldur hefur staðið í fylkingarbrjósti og verið í fyrirsvari í þjóðlífi voru, og með honum ágætri konu hans, er við hlið hans hefur

staðið með sæmd og þrýði, og ungum sveini, sem var yndi þeirra og eftirlæti. Hér er skarð fyrir skildi, en á þessari stundu kemst ekki annað að í huga vorum en sorg og samúð. Það er stundum sagt að íslenzku þjóðinni sé helzt að líkja við stóra fjölskyldu. Sannleik þeirra orða skynjum vér best á stundum mikilla tíðinda, til gleði eða sorgar. Þjóðin er harmi lostin og syrgir forsætisráðherrahjón sín. Ég mæli fyrir munn allra landsmanna, þegar ég læt í ljós djúpa hryggð mína og votta börnum og allri fjölskyldu þeirra hjónanna samúð, svo og öllum þeim öðrum, er nú syrgja sveininn unga.

Líf og störf forsætisráðherrahjónanna

DR. BJARNI Benediktsson átti að baki langan starfsferil, sem merkur lögvisindamaður, afkastamikill rithöfundur, ritstjóri Morgunblaðsins og þjóðarleiddogi. Hann var rúmlega 62 ára að aldri er hann lézt. Dr. Bjarni Benediktsson var yngsti sonur hjónanna Benedikts Sveinssonar, alþingismanns og Guðrúnar Pétursdóttur, en Benedikt var einn af svipmestu stjórnmalámonnum síns tíma og ávallt í forystu fyrir auknu sjálfstæði landsins. Eins og faðir hans var dr. Bjarni mikill ræðumaður, flutti sínar mestu þingræður blaðalaust, var skörpu minni hans þá við brugðið. Þrisvar sinnum

NÁMSFERILL OG FYRSTU STARFSÁR

Dr. Bjarni Benediktsson lauk stúdentsprófi frá Mennta skólanum í Reykjavík árið 1926 og lagði síðan stund á laganám við Háskóla Íslands. Embættisprófi í lögum lauk hann frá Háskóla Íslands árið 1930 og hélt þá utan til framhaldsnáms í stjórnlagfræði við háskóla í Berlín og Kaupmannahöfn. Hann var skipaður prófessor við Háskóla Íslands árið 1932, þá 24 ára gamall og gerðist skjótt einn fremsti stjórnlagfræðingur þjóðarinnar. Kom þekking hans í þeim efnum að góðum notum við undirbúning lýðveldisstofnunar 1944. Prófess


á Íslandi, og Stjórnskipulegur neyðarréttur. Í Úlfjótí, tíma riti laganema birtust greinar Um ákærvaldið og Hvaða gagn hef ég haft af lögfræðinámínu. Í hátíðarrit fyrir prófessor Castberg, sem út kom í Osló 1963 ritaði hann greinina: The two Chambers of the Icelandic Althing. Þá gaf hann út í handriti Ágrip af íslenskri stjórnlagfræði I eftir Einar Arnórsson.

STJÓRN MÁLA FERILL

Skömmu eftir að dr. Bjarni Benediktsson kom heim frá námi var hann kjörinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, á árinu 1934, og átti þar sæti til 1942 og aftur 1946—1949. Á



Forsætisráðherrahjónin, frú Sigríður Björnsdóttir og dr. Bjarni Benediktsson



Dr. Bjarni Benediktsson í ræðustól á fundi Sameinaðs Alþingis. Á Alþingi átti hann sæti frá 1942 til dauðadags.

árinu 1940 tók hann við embætti borgarstjóra í Reykjavík og má segja, að hann hafi frá þeim tíma skipað nær samfellt miklar ábyrgðarstöður á sviði stjórnmalanna. Borgarstjóri í Reykjavík var hann til ársins 1947 er hann tók í fyrsta sinn við ráðherraembætti, sem utanríkis- og dómsmálaráðherra en þeim ráðherraembættum gegndi hann til ársins 1953. Á þessum árum átti dr. Bjarni Benediktsson manna mestan þátt í að móta þá utanríkisstefnu, sem Íslendingar höfðu fylgt ætíð síðan og var í fylkingarbrjósti í baráttunni fyrir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu 1949 og undirritaði sáttmála þess fyrir Íslands hönd 4. apríl það ár. Þegar hann tók við fyrsta ráðherraembætti sínu hafði hann setið á Alþingi frá árinu 1942.


Á árunum 1953—1956 var dr. Bjarni Benediktsson dóms- og menntamálaráðherra, en þegar vinstri stjórnin var mynduð 1956 gerðist hann ritstjóri Morgunblaðsins og gegndi því starfi til 1959, er hann tók við ráðherraembætti í ríkisstjórn Ólafs Thors, Viðreisnarstjórninni. Fyrst í stað var hann ráðherra dóms- og iðnaðarmála, kirkju- og heilbrigðismála, utan tímabilsins frá september til desember 1961 er hann var settur forsætisráðherra í fjarveru

Framhald á bls. 14

kvöddu stúdentar hann til að flytja hátíðarræðuna 1. des. enda var hann tengdur Háskólanum sterkum böndum, bæði sem visindamaður og kennari. Hann kvæntist fyrri konu sinni Valgerði Tómasdóttur í október 1935, en hún lézt aðeins hálfu ári síðar í marz 1936, 22ja ára að aldri. Hann gekk að eiga Sigríði Björnsdóttur í desember 1943 og fórst hún með honum í eldsvoðanum á Þingvöllum. Þau áttu fjögur börn, Björn, fæddan 1944, sem stundar laganám við Háskóla Íslands og er kvæntur Rut Ingólfsdóttur, Guðrúnu, sem er fædd 1946 og starfar í Útvegsbankanum, Valgerði fædda 1950, og stundar nám í B.A.-deild Háskólans og Önnu, fædda 1955, sem er við skólanám. Þau dr. Bjarni og Sigríður áttu tvo dóttursyni, Benedikt Vilmundarson, fjögurra ára að aldri, sem fórst með afa sínum og ömmu á Þingvöllum og var sonur Valgerðar og Vilmundar Gylfasonar og Bjarna, þriggja ára, son Guðrúnar og Markúsar Jensen.

orsembætti gegndi dr. Bjarni til ársins 1940 er hann varð borgarstjóri í Reykjavík. Á þessum árum og raunar alla tíð ritaði hann mikið um lögfræðileg efni. Hann samdi hið mikla rit um Deildir Alþingis, sem kom fyrst út sem fylgi rit Árbókar Háskóla Íslands en í bókarformi árið 1939. Ennfremur gaf hann út á þessum árum í handriti fyrirlestra um Dómstóla og réttarfar og Ágrip af íslenskri stjórnlagfræði II.

Af öðrum ritverkum dr. Bjarna Benediktssonar um lögvisindi má nefna grein um Þingrof á Íslandi, sem birt ist í Afmælisriti helguðu Einari Arnórssyni 1940, og grein um Bráðabirgðalög og afstöðu Alþingis til þeirra, í Afmælisriti helguðu Ólafi Lárusyni, sem út kom 1955. Í Andvara ritaði hann m.a. greinina Sjálfstæði Íslands og atburðirnir vorið 1940 svo og greinina Ályktanir Alþingis vorið 1941 um stjórnskipun og sjálfstæði Íslands. Í Tímarit lögfræðinga skrifaði hann greinarnar Lögkjör forseta Íslands, Þingræði



Ríkisfáni Íslands blakti í hálfu stöng á Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg í gær.

„Ég mun sakna hans djúpt“

Hilmar Baunsgaard, forsætisráðherra Danmerkur, um lát Bjarna Benediktssonar


HILMAR Baunsgaard, forsætisráðherra Dana, hafði eftirfarandi að segja í gær eftir að hann spurði lát íslenzku forsætisráðherrahjónanna:

„Hér í Danmörku höfum við tekið fregninni um hið sorglega lát Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, konu hans og barnabarns, með djúpri hryggð. Í þessu slysi hefur Ísland ekki aðeins misst mikilhæfan mann, heldur sérstaklega reyndan og mjög virtan stjórnáamann. Hann hafði um áraraðir gegnt mik ilvægum embættum í þágu lands síns og þjóðar. Þannig varð Bjarni Benediktsson þegar sem ungur lögfræðingur borgarstjóri í Reykjavík 1940 eftir að hafa í mörg ár verið prófessor við Háskóla Íslands. Hann lét af borgarstjóraembættinu til þess að taka sæti í hinna íslenzku ríkisstjórn sem utanríkis- og dómsmálaráðherra.“

Eftir að hafa gegnt mörgum ráðherraembættum öðrum, var það eðlilegt að hann yrði eftirmaður Ólafs Thors sem forsætisráðherra 1963.

Missir hans mun valda djúp um söknuði á Íslandi.

Hans verður einnig saknað hér í Danmörku, þar sem við kynntumst Bjarna Benediktssonar.



Hilmar Baunsgaard.

syni sem trúum og jákvæðum vini. Hin jákvæða afstaða Bjarna Benediktssonar til sambandsins milli landa vorra birtist einnig er hann kom fram sem fulltrúi þjóðar sinnar í norrænu samstarfi. Í umræðum síðustu ára um aukningu og eflingu þessa samstarfs kynntist ég Bjarna Benediktssonar persónulega og lærði að meta hann sem stjórnáamann og mann. Ég mun sakna hans djúpt.“

Fánar í hálfastöng í Brussel

ÞEGAR fréttin um andlát dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, barst til aðalstöðva Atlantshafsbandalagsins í Brussel voru þjóðfánar allra aðildarríkjanna, svo og fáni bandalagsins, dregnir í hálfastöng í virðingarskýni.

Dr. Bjarni Benediktsson var einn af utanríkisráðherrum aðildarríkja NATO sem undirrituðu stofnsáttmálann í Washington árið 1949.

Íslenzkt kynningarkvöld

hjá Sameinuðu þjóðunum

MENNINGARELAG Sameinuðu þjóðanna efndi til kynningarkvölds um Ísland þann 19. júní í tilefni af 25 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna og fullveldisdegi Íslands. Söndinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og Loftleiðir aðstoðuðu félagið á ýmsan hátt, m.a. með því, að veita gestum mat og drykk.

Formaður menningarfélagsins, ungrú Veronica Bartlett setti samkomuna, sem fór fram í kvikmyndasal Dag Hammar-skjöld bókasafnsins og í veitinga sölu fulltrúa við Sameinuðu þjóðirnar. Ivar Guðmundsson, stjórnarið samkomunnar og kynnti ræðumenn og skemmtiatriði.

Kynningarkvöldið hófst með kvikmyndasýningu. Sýnd var Íslenskvikmyndin „Prospect of Iceland“. Vakti myndin mikla hrifningu áhorfenda.

Hannes Kíartansson, ambassador, fastafulltrúi Íslands hjá S.Þ. flutti ávarp.

Frú Jóhanna Norðfjörð leikona, las upp úr Brekkukotsannál Halldórs Kiljan Laxness. Var gerður góður rómur að upplestrinum og efninu.

Veittir voru brauðmunnbitar með íslenzku áleggi. Loftleiðir gáfu matinn en Flemming Thorberg matgerðarmeistari sá um framleiðslu. Til hressingar var boðið íslenzkt brennivín.

Um 300 manns sóttu samkomuna, sem fór hið bezt fram í alla staði og þótti vera aðstandendum og Íslandi til söma.

(Fréttatilkynning frá Félagi Sameinuðu þjóðanna).

Málverkasýning á Akranesi

Akranesi, 9. júlí.

Á MORGUN, föstudaginn 10. júlí, opnar Magnús Á. Arnason málverka- og höggmyndasýningu í Tónlistarskólanum á Akranesi. Hann sýnir þar 30 málverk frá ýmsum veiðivötnum og 10 höggmyndir. — Við opnun sýningarinnar mun listamaðurinn lesa úr eigin verkum. Sömuleiðis verða flutt tvö tónverk eftir hann af Kirkkjúkór Akraness. Einnig verða til sýnis tvö teppi, gerð af konu listamannsins, frú Barböru Arnason. Sýningin verður opin um helgar frá kl. 14 til 22, en virka daga frá kl. 18 til 22. Sýningunni lýkur sunnudaginn 19. júlí. — Málverkin verða öll til sölu.

Ummæli Nixons:


„Ísland hefur misst mikinn leiðtoga — Bandaríkin góðan vin“

Washington, 10. júlí AP TALSMAÐUR Bandaríkjaforseta, Ronald L. Ziegler, sagði í Hvíta húsinu í dag að Richard M. Nixon, Bandaríkjaforseti, og kona hans, hefðu verið harmi lostin er þau spurðu lát forsætisráðherra Íslands, Bjarna Benediktssonar, konu hans og barnabarns.

Ziegler las upp eftirfarandi yfirlýsingu frá Bandaríkjaforseta:

„Forsetinn og frú Nixon urðu harmi lostin er þau spurðu hið hörmulega lát forsætisráðherra Íslands, konu hans og barnabarns.“

Forsætisráðherrann var vel þekktur og virtur í þessu landi. Forsætisráðherrann var einn þeirra, sem fyrstir undirrituðu Atlantshafssáttmálann 1949. Ísland hefur misst



Richard Nixon

mikinn leiðtoga, og við, í þessu landi, góðan vin“.

„Mikill missir fyrir Norðurlönd“

— sagði Per Borten um lát forsætisráðherra

Ósló, 10. júlí, NTB.

PER Borten, forsætisráðherra Noregs, sagði í dag um hið sviplega fráfall dr. Bjarna Benediktssonar, konu hans og dóttursonar, að það væri sér mikill áfall og að hann liti á það sem persónulegan missi.

„Bjarni Benediktsson var á bezta aldurskeiði. Allir þekktu alúð hans, gestrisni og umhyggju hans fyrir samborgurum sínum“, sagði Borten.

„Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, hefur með starfi sínu lagt mikill af mörk um til norrænnar samvinnu og stuðlað að samheldni Norðurlanda. Fráfall dr. Bjarna Benediktssonar er mikill missir fyrir Norðurlönd og þessi tíðindi valda mér djúpri sorg.“

„Ég votta ættingjum Bjarna Benediktssonar, íslenzku ríkisstjórninni og íslenzku þjóðinni mína innlegustu samúð“, sagði Borten.



Per Borten.

„Mikið áfall fyrir Íslendinga“

— sagði Jens Otto Kragh, fyrrv. forsætisráðherra Dana

Einkaskeyti til Mbl.

Kaupmannahöfn, 10. júlí. JENS Otto Kragh, formaður danska Jafnaðarmannaflokksins og fyrrum forsætisráðherra, sagði í dag að fráfall dr. Bjarna Benediktssonar væri mikið áfall fyrir Íslendinga, sem nú ættu við efnahagsleg og stjórnáamaleg vandamál að etja.

Kragh lagði einnig áherzlu á skerf Bjarna Benediktssonar til samstarfs Norðurlandanna innan Norðurlandaráðs.

Í dag minntust einnig Bjarna Benediktssonar þeir Poul Hartling, utanríkisráðherra og Knud Thstrup, dómsmálaráðherra.

— Rytgaard.



Jens Otto Kragh

„Honum var norræn samvinna hugleikin“

Forsætisráðherra Finna um Bjarna Benediktsson

Helsingfors, 10. júlí.

TEUVO Aura, forsætisráðherra Finnlands, sagði í dag vegna andláts Bjarna Benediktssonar, að honum hefði verið norræn samvinna mjög

hugleikin. Finnski forsætisráðherrann gat þess einnig, að Bjarni Benediktsson hefði tekid þátt í starfi Norðurlandaráðs frá upphafi.

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
 Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
 Ritstjórar Matthías Johannessen.
 Eyjólfur Konráð Jónsson.
 Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
 Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
 Auglýsingastjóri Ámi Garðar Kristinsson.
 Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6. Sími 10-100.
 Auglýsingar Aðalstræti 6. Sími 22-4-80.
 Askriðtargjald 165,00 kr. á mánuði innanlands.
 Í lausasölu 10,00 kr. eintakið.

BJARNI OG SIGRÍÐUR

Á Þingvöllum hefur íslenska þjóðin safnast saman í gleði og sorg. Einhver mesta gleðistund hennar á þessum stað var endurreisn lýðveldis 1944. Fáir áttu meiri þátt í þeirri gleði en Bjarni Benediktsson, sem ótraudastur allra stóð vörð um fullveldi Íslands og sjálfstæði. Íslensku þjóðinni helgaði hann líf sitt og störf, enda var honum farsæld hennar og menningarleg reisn í blóð borin. Um þessar hugsjónir hans stóð Sigríður Björnsdóttir, kona hans, ávallt dyggan vörð, enda átti hún til þeirra að telja, sem hörðnuðu af hafi og vindum. Nú stendur íslenska þjóðin agndofa andspænis þeim örlaga-tíðindum, sem hún hefur spurt af Þingvöllum, þar sem forsætisráðherrahjónin létust í eldsvoða ásamt gjörvulegum dóttursyni þeirra, Benedikt Vilmundarsyni, ungum sveini, yndi þeirra og augasteini.

Mörg tíðindi hefur þjóðin spurt af þessum helga stað, en engin svo átakanlega sorgleg sem þau, er hún nú hefur heyrt. Hugur hennar sameinast nú í þögn og bæn. Þaðan sem áður spurðust gleðitíðindi lýðveldisstofnunar berast nú þau sorgartíðindi, sem vart er unnt um að fjalla, hvað þá skilja. Og þó er þessi helgasti staður íslenskrar þjóðar verðug umgjörð um örlög forsætisráðherrahjónanna. Þar átti líf þeirra rætur, hugsjón þeirra og stolt. Engan stað elskuðu þau meir að fæðingarstað sínum, Reykjavík, undanskildum.

Um mikla stjórnmálamenn næða stormar. Hæstu tindarnir verða að þola misjöfn veður. En oft standa þeir einnig upp úr skýjaþykkninu, vaxa inn í bjartan himin. Bjarni Benediktsson kynntist stríði og stormum, en átti einnig því láni að fagna að um hann lék heiðrikja stórra sigra. Hann var mikill og einarður baráttumaður, sannur fulltrúi þess bezta í menningarlegri arfleifð þjóðarinnar, en jafnframt einarður málaflýgjumaður. Hann barðist fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og varðveizlu þess eftir þeim leiðum, sem hann af mikilli yfirsýn og frábærum gáfum taldi líklegast til árangurs. Og aldrei bugaðist hann, þótt á móti blési. Þegar þjóðin átti hvað mest í vök að verjast ekki alls fyrir löngu, lét hann engan bilbug á sér finna, en var staðráðinn í að leiða hana gegnum brimgarðinn. „Skipstjóri yfir gefur ekki skip sitt þegar verst gegnir,“ sagði hann, þegar efnahags-erfiðleikar og önnur óáran lágu eins

og mara á þjóðinni. Og hann sigldi skipi sínu inn á kyrrari sund.

Um Bjarna Benediktsson eins og aðra tinda lék næðingur, stundum stormur. En þó var hann fyrst og síðast friðarinn maður, sáttasemjarinn í fjölskyldu okkar litlu, fámennu þjóðar. Það hlutverk stóð áreiðanlega hjarta hans næst. Og með eindæmum var, hve langt hann náði í þessum þætti stjórnmálaþáttu sinnar. Geta þeir sem eftir koma dregið mikinn lærdóm af árangri hans. Enda hafði hann ávallt eitt markmið: frið og öryggi þjóð sinni til handa. Þennan frið tryggði hann út á við með nánun samstarfi við þær þjóðir, sem næst okkur standa að menningu og arfleifð, en inn á við með því að bera klæði á vopnin, þegar úfar risu með þjóðinni. Ekki báru allir gæfu til að meta þessa lífsköllun Bjarna Benediktssonar, því að sitt sýnist hverjum, eins og alltaf er í lýðræðisríki. En þó voru allir á eitt sáttir um það, að tilgangur hans var í samræmi við upplag hans og þann arf sem hann hlaut í foreldrahúsum: „Faðir minn“, sagði hann í samtali við Morgunblaðið í júní 1967, „vandi okkur ekki aðeins á að lesa Íslendingasögur heldur las hann fyrir okkur í bernsku Heimskringlu og Sturlungu, sem hvorttveggja eru ótæmandi brunnar fyrir þá, sem vilja kynnast mannlegu lífi“.

Enginn íslenskur stjórnmálamaður gerði sér eins mikið far um að kynnast mannlegu lífi og Bjarni Benediktsson. Þau kynni urðu honum mikill styrkur í störfum hans. Fornar og nýjar bókmenntir urðu honum aflgjafi og uppspretta til skilnings á högum þjóðarinnar. Og „íslenskar bókmenntir verða ávallt bakhjarl tungu okkar og menningar á öllum öldum“, sagði hann. Þó vissi hann að mannlífið sjálft, samtíðin og skyldan við framtíðina sat í fyrirrúmi. Í því voru þau Sigríður og Bjarni svo sambent að vart mátti á milli sjá, hvort þeirra stóð nær fólkinu í landinu. Það hefur verið gæfa íslenskrar þjóðar.

„Fullveldinu megum við aldrei afsala okkur“, hefur Bjarni Benediktsson sagt. „Við eigum að skila landinu betra en við tókum við því. Aðalatriðið er ekki hver verða kosningaúrslit hverju sinni, heldur hvaða úrslit við eigum skilið.“

Aldrei, aldrei bindi þig bönd nema bláfjötur Ægis við klettötta strönd“.

Matthías Johannessen. Eyjólfur Konráð Jónsson.

„Persónuleikinn mikill og sterkur“

– sagði Sigurður Bjarnason, sendiherra, í ávarpi í danska útvarpinu

Kaupmannahöfn 10. júlí – Einkaskeyti til Mbl.

CARL Hermansen, fyrrverandi kirkjumálaráðherra, sem um árabil var vinur Bjarna Benediktssonar, ritaði í dag minningarorð um hann, og segir þar m.a.:

„Bjarni Benediktsson var einn þeirra, sem skýrast sáu að Ísland yrði að tengjast Norðurlöndum til þess að það yrði ekki fyrir of miklum bandarískum áhrifum. Fyrir honum var fastheldni Íslands við norrænt samstarf hvorki meira né minna en spurning um líf eða dauða. Af Norðurlöndunum var það ekki sízt Danmörk, sem honum var hugleikin.“

Í dag blakti fáninn í hálfu stöng við íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn og til sendiráðsins komu margir til þess að láta í ljós samúð sína. Á mánudag og þriðjudag mun liggja frammi bók, þar sem menn geta látið í ljós samúð sína með því að rita þar nöfn sín.

Sigurður Bjarnason, sendiherra, flutti hér í dag stutt ávarp. Í fréttatíma danska ríkisútvarpsins kl. 12,30 flutti sendiherrann minningarorð um Bjarna Benediktsson og sagði þá m.a.:

„Persónuleiki Bjarna Benediktssonar var mikill og sterkur. Hann lagði mikið af mörkum til norrænnar samvinnu og átti persónulega vini bæði hér í Danmörku og á hinum Norðurlöndunum. Bjarni hafði mikla ást á Þingvöllum og hann og fjölskylda hans dvöldu eins oft og kostur var á í hinu gamla konungshúsi. Það eru sorgleg örlög að endir skyldi verða bundinn á líf hans, hinnar glæsilegu konu hans og dóttursonar, á þessum stað.“

Mikill stjórnmálamaður er horfinn af sviðinu. Á Íslandi ríkir sorg. Við erum mjög þakklátir fyrir þá samúð, sem hinni íslensku þjóð hefur verið sýnd hér í Danmörku vegna hins mikla missis okkar.“

– Líf og störf forsætisráðherra-hjónanna

Framhald af bls. 3

Ólafs Thors. Þegar Ólafur Thors lét af embætti forsætisráðherra í nóvember 1963 var dr. Bjarni Benediktsson skipaður forsætisráðherra og gegndi því starfi til dauðadags.

Dr. Bjarni Benediktsson var alla tíð einn fremsti forystumaður Sjálfstæðisflokksins. Hann var kjörinn í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1936 og var varaformaður flokksins um langt árabil. Þegar Ólafur Thors lét af formennsku Sjálfstæðisflokksins á Landsfundi flokksins 1961, var dr. Bjarni Benediktsson kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins og mun sá atburður líða seint úr minni þeirra, sem þar voru, er úrslit í atkvæðagreiðslu meðal Landsfundarfulltrúa voru tilkynnt og þingheimur reis úr sætum til þess að hylla hinn nýja leiðtoga. Dr. Bjarni Benediktsson var ætíð síðan endurkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins, síðast á Landsfundi flokksins sl. haust.

ÖNNUR STÖRF

Auk þessara mikilvægu ábyrgðarstarfa gegndi dr. Bjarni Benediktsson fjölmörgum öðrum störfum á annarsamri ævi. Hann var aðalhvátamaður að stofnun Almenna bókafélagsins og stjórnarformaður þess frá stofnun þess 1955, til dauðadags, átti sæti í stjórn Eimskipafélags Íslands um 10 ára skeið og einnig var hann í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis um nokkurt árabil. Þá átti hann sæti í stjórn Árvakurs h.f., útgáfufyrirtækis Morgunblaðsins frá 1955.

Dr. Bjarni Benediktsson var fulltrúi í fyrstu sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í nóvember 1946 og sat í millþinganefnd um stjórnarskrármálið frá 1942 til 1945. Í útvarpsráði sat hann 1934–1935, í stjórn

fyrsta happdrættisráðs Háskóla Íslands 1933 og var formaður Nýbyggingarsjóðsnefndar 1941–44. Formaður Landsmálafélagsins Varðar var hann 1945–1946. Jafnframt þessum umfangsmiklu störfum skrifaði dr. Bjarni Benediktsson mikið um menningarmál og stjórnmál í tímarit og blöð og þá ekki sízt í Morgunblaðið. Tveggja binda rit, Land og lýðveldi með helztu blaðagreinum hans og ræðum kom út hjá Almenna Bókafélaginu fyrir nokkrum árum.

Dr. Bjarni Benediktsson var sæmdur fjölda heiðursmerkja, bæði innlendrar og erlendrar, og var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót í lögum á hálfri aldar afmæli Háskóla Íslands 1961.

Sigríður Björnsdóttir, eigin kona dr. Bjarna Benediktssonar, sem fyrst með honum á Þingvöllum var glæsileg kona og manni sínum traust stöð og sterkur bakhjarl á stormasömum stjórnmálaferli hans. Hún var fædd árið 1919 dóttir hjónanna Björns Jónssonar, skipstjóra í Ánanaustum og Önnu Pálsdóttur. Eins og að framan greinir giftist hún dr. Bjarna árið 1943 og eignuðust þau 4 börn. Hún var mikill húsmóðir og bjó manni sínum, fjölskyldu og vinum hlýtt og fagurt athvarf, þar sem heimili þeirra hjóna var. Gestrisni þeirra var við brugðið og þar landi og þjóð glæsilegt vitni.

Benedikt Vilmundarson, dóttursonur þeirra Bjarna og Sigríðar var aðeins 4 ára að aldri, fæddur árið 1966, sonur Valgerðar dóttur þeirra og Vilmundar, sonar dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, menntamálaráðherra og frú Guðrúnar Vilmundardóttur, konu hans. Benedikt var óvenju skýr og efnilegur drengur.

Selt áfengi fyrir 200 millj. kr.

– á öðrum ársfjórðungi

HEILDARVERÐMÆTI selts áfengis í apríl, maí og júní sl. jókst um 17,71% ef miðað er við sömu mánuði í fyrra. Aukning selts áfengismagns, er þó ekki svo mikil, þar sem verð á áfengi hefur hækkað frá því í fyrra, bæði vegna söluskattshækkunar og verðhækkana á ýmsum áfengistegundum erlendis.

Í Reykjavík var selt áfengi fyrir rúmar 152 milljónir króna á móti tæpum 132 millj. kr. á sama tíma í fyrra. Á Akureyri var selt áfengi fyrir rúmar 17 millj. kr. á móti tæpum 14 millj. í fyrra og á Ísafirði var selt fyrir tæpar 5 millj. kr. nú á móti

tæpum 4,8 millj. í fyrra. Á Siglufirði nam áfengissalan 2,8 millj. kr. nú á móti 2,3 millj. í fyrra og á Seyðisfirði 4,2 millj. nú á móti 2,6 í fyrra. Í Keflavík var selt áfengi á þessum þremur mánuðum fyrir tæplega 12 millj. kr., en í fyrra fyrir rúmar 10 millj. og í Vestmannaeyjum var nú selt fyrir tæpar 10 millj. kr., en fyrir tæpar 7 millj. í fyrra.

Heildarsala áfengis í apríl, maí og júní í ár nam því tæpum 203 millj. króna, en rúnum 172 millj. kr. í fyrra.

Framangreindar tölur koma fram í fréttatilkynningu frá Áfengisvarnarráði, en þar eru þær þó nákvæmari.

N-Írland:

Viðbúnaður brezka hersins

– vegna fyrirhugaðra

hátíðahalda mótmælenda

BELFAST 10. júlí — NTB.

Brezka herliðið í Norður-Írlandi er nú sem óðast að undirbúa öryggisráðstafanir áður en til hátíðahalda mótmælenda þar í landi kemur, en nú um helgina hyggjast þeir heiðra minningu hinnar miklu hetju sinnar, Vilhjálms konungs af Óraníu.

Hátíðahöld mótmælenda eiga að ná hámarki sínu á mánudag með fjöldagöngum í Belfast og 18 öðrum borgum og bæjum til þess að minnast sígurs Vilhjálms konungs á kaþólskum við Boyne 1690.

Búið er við því, að alls muni um 100.000 manns taka þátt í fjöldagöngum þessum, þar af um 50.000 í Belfast einni. Göngur þessar hafa löngum tíðum kaþólskum í harnsi og stjórnar-

völd óttast að enn komi til blóðugra átaka í N-Írlandi um helgina.

Ganigan í Belfast hefur verið skipulögð þannig að sneið er hjá þeim hverfum kaþólskra, þar sem óeirðir hafa verið hvað mestar. Í Belfast eru nú 7.000 brezkir hermenn og 3.000 í heruðunum umhverfis. Þyrlur eru til reiðu að flytja hermennina fyrirvarakaust á óeirðastaði, og vopnaðir hermenn verða á þökum hána húsa. Þeir hafa fyrir-mæli um að skjóta á borgara, sem hefja skothríf að fyrra bragði.

Þá verður skriðdrekum komið fyrir í mikilvægum stöðum, og verður hægt að lveðja þá til með stuttum fyrirvara fari eitthvað ónskeiðis.

Kinverjar láta biskup lausan

Hong Kong, 10. júlí — AP-NTB

BANDARÍSKI biskupinn James Edward Walsh, sem er rómversk kaþólskr trúar, kom til Hong Kong í dag eftir 11 ára fangelsisvist í Kína. Walsh er 79 ára gamall. Hann var dæmdur í 20 ára fangelsi árið 1959, gefið að sök að hafa stundað njósnir í Kína.

Síðustu átta árin er talið að Walsh biskup hafi verið hafður í fangelsi í Shanghai. Árið 1965 ritaði hann vinum sínum bréf úr sjúkrahúsi fangelsisins, og sagði í því að hann byggist ekki við að komast lifandi úr sjúkrahúsinu.

Yfirvöld í Hong Kong segja að Walsh hafi komið yfir landamærin til Hong Kong kl. hálf fimm í morgun að ísl. tíma. Segja yfirvöldin að hann hafi verið órak-áður, klæddur skitugum vinnubuxum. Hann brosti og veifaði til fólksins, en vildi ekkert segja við blaðamenn.

Walsh var lengi trúboði í Kína og var biskup rómversk-kaþólskra í Shanghai er kommúnistar komust til valda í landinu 1949.

Þá skýrði fréttastofan Nýja Kína frá því í dag, að annar bandarískur fangi í Kína, J. Francis Redmond, hefði látizt 13. apríl sl. eftir að hafa reynt að fremja sjálfsmorð. Redmond

starfaði á vegum bandarískis inn- og útflutningsfyrirtækis. Hann var handtekinn 1954, sakaður um njósnir, og dæmdur í lífstíð arfangelsi.

Sjötugur í dag

Sjötugur er í dag Kristinn Arngrímsson fyrrum bóndi Bakka-gerði, Jökulsárhlíð, Norður Múla sýslu. Hann er til heimilis að Máva hlíð 33, Reykjavík.

– Útlendingar

Framhald af bls. 28

snjó og ófærð og komst hópurinn niður í Bádardal, án þess að nokkuð yrði að, enda allir vel búnir.

Vegagerðin telur Sprengisand óferan vegna snjó og Kjalveg sömuleiðis óferan að norðanverðu vegna snjó. Í Kerlingarfjöll er jeppafært að sumnan.

Vopnafjarðarheiði lokaðist sem kunnugt er vegna snjókomu, en hana átti að ryðja í gær. Hellisheiði eystri, frá Vopnafirði að Héraðssandi, er einnig ófær, en vegurinn yfir Möðrudalsörefi er nú aftur talinn fær öllum bílum, þótt hann sé blautur og nokkuð þungfærinn. Að öðru leyti er færð góð að sögn Vegagerðarmannar, en hún varnar ferðafólk mjög við að leggja á fjallvegi ef veður er ósýnt.



Hollendingarnir, sem fyrstir komu á staðinn og tilkynntu um brunann. Frá vinstri: N. G. Dutilh frá Amsterdam, R. Meissner frá Leiden, J. E. Mackenzie frá Leiden, M. Dutilh frá Amsterdam og H. J. Bakels frá Utrecht. Myndin er tekin í Sakadómi Reykjavíkur í gær.

– Slysíð á Þingvöllum

Framhald af bls. 28

Eins og fyrr getur, var Benedikt Vilmandarson fjögurra ára gamall dóttursonur þeirra hjóna með þeim í húsinu, þegar slysíð varð. Hann var sonur Vilmandar Gylfasonar og Valgerðar Bjarnadóttur, næstelstu dóttur forsætisráðherra hjónanna. Önnur börn þeirra eru Björn, fæddur 1944, blaðamaður við Morgunblaðið og stundar nám í lögfræði við Háskóla Íslands, kvæntur Rut Ingólfssdóttur, fiðluleikara; Guðrún, fædd 1946, starfar í banka og á hún einn son, Bjarna Mærkússon. Yngsta dóttir forsætisráðherra hjónanna er Anna, fædd 1955, í skóla. Valgerður Bjarnadóttir stundar nám í heimspeki-deild Háskóla Íslands, en hefur verið flugfreyja í sumar.

Annars staðar í blaðinu er rakið einn fenill dr. Bjarna Benediktssonar og frú Sigríðar í stónum dráttum.

Þegar Hollendingarnir, sem fyrr getur, komu að konungsbústaðnum, logaði eldur út um stofuglugga í suðausturhorni hússins, og var það þá alelda. Ekki var þá vitað hvort nokkur væri í húsinu, en við eftir-grenslan lögreglunnar í Reykjavík kom í ljós að þau hjón höfðu farið austur þá um daginn og ætlað að vera yfir nóttina. Þegar Hollendingarnir komu að húsinu, virtist þeim það mannlaut, gluggar lokaðir og hurðir

læstar. En hollenzk stúlka gerði tilraun til að opna útdyr hússins, en tókst ekki. Brenndist hún af að smerta rúðu í húsinu. Einn Hollendinganna hélt þá til Valhallar að gena vart við brunann. Skömmu áður, eða um það leyti sem þeir reyndu að komast inn í húsið, varð einhvers konar sprenging í því, og lyftist þakkið. Allt brunni sem brunnið gat.

Þjóðgarðsvörður séra Eiríkur J. Eiríksson hafði farið að Valhöll skömmu eftir miðnætti, en einstakís orðið var. Jón, sonur hans, var meðal þeirra fyrstu sem komu að brunanum en þjóðgarðsverði barst tilkynning um hann um tvöleytið um nóttina. Hafði þá verið hringt til lögreglu og slökkviliðs í Reykjavík, en þegar að var komið var allt um seinan.

Konungsbústaðurinn var járnvaríð timburhús, upplýstur með nafmagn og olíukyntur.

Séra Eiríkur J. Eiríksson þjóðgarðsvörður sagði við Mbl: „Ég var á venjulegri eftirlitsferð og gekk upp undir ráðherra-bústaðinn. Þá var klukkan um 12.25 og ég varð einstakís var. Mér var ekki alls kostar ljóst hvort fólk var í bústaðnum eða ekki, en við því mátti reyndar alltaf búast, því þau hjónin eyddu þar öllum lausum stundum. Ég fór síðan heim og um hálf eitt fór ég að sofa. Rétt fyrir hálf tvö veður konan mín mig, en hún hafði þá vaknað við ákafa hringingu frá Valhöll til Reykjavíkur. Ég leit þá út um gluggann og sá þá að bústaðurinn var eitt eldhaf.“

Jón Eiríksson var að störfum í afgreiðslunni í Hótel Valhöll, þegar Hollendingurinn kom þjóttandi, og Jón heyrði að einhver hrópaði: eldur!

„Ég spurði þá hvar,“ sagði Jón, „og mér var sagt að það væri í einhverjum sumar-bústað um. Ég hljóp þá út að glugganum og sá að ráðherra-bústaðurinn stóð í björtu báli og hringdi þá strax í slökkviliði.“

Fyrsti Íslendingurinn, sem kom að ráðherra-bústaðnum var Reynir Aðalsteinsson, frá Hvítárbakka í Borgarfirði. Honum sagðist svo frá:

„Ég var að koma ofan frá Skógarhólum og þegar ég gekk frá bílnum yfir að Hótel Valhöll, varð mér lítið í átt til sumar-bústaðanna og sá þá ekkert óvenjulegt. En örskómmu síðar komu Hollendingarnir inn og hrópað var að eldur væri í einhverjum sumar-bústaðnum. Ég hljóp þá strax út og að ráðherra-bústaðnum og þegar ég kom að bústaðnum virtist mér stóri bústaðurinn alelda. Ég hljóp að framdyrunum, en sá strax að ekki var viðlit að reyna þar inngöngu sakir elds og hita. Ég hljóp þá bak við bústaðinn og tókst mér að sparka upp hurð á bakalmunni og kallaði inn. Gaus þá á móti mér mikill reykjarmökkur og ofboðslegur hiti, svo ég varð að hörfa undan.“

Sýslumaðurinn í Árnessýslu, Páll Hallgrímsson, hélt áfram rannsókn málsins á Þingvöllum í gær.



Rústir ráðherra-bústaðarins á Þingvöllum. Gestahúsið í baksýn.

LAUGARDAGUR 11. JÚLÍ 1970

Útlendingar í erfiðleikum á Sprengisandi 36 mm úrkoma á Þingvöllum

Í FYRRINÓTT gerði mikið rok og úrhellisrigningu á Þingvöllum og var úrkoman eftir nóttina 36 millimetrar, eða um helmingur meðalúrkomu í júlímánuði þar. Í Skógarhólum, þar sem Landsmót hestamanna stendur nú yfir var slydda og í Bolabás var alhvítt. Frá Þingvöllum var samfellt regnsvæði norður í land, en þar rigndi þó tíu sinnum minna, samkvæmt upplýsingum Veðurstofunnar. Næstmest úrkoma á landinu var í Skoruvík á Langanesi og í Vopnafirði, en þar var úrkoman 19 mm. Í Reykjavík var hún aðeins 2 mm. Nánar er sagt frá erfiðleikum um hestamanna í Skógarhólum annars staðar í blaðinu.

Ekki er vitað til þess að ferðafólk hafi lent í teljandi erfiðleikum í fyrrinótt vegna veðurs. En í fyrrakvöld kom niður að Mýri í Bárðardal hópur 72 útlendinga, sem voru í sumarleyfisferð á vegum Úlfars Jacobsen. Hafði hópurinn gist nóttina áður í skála Ferðafélagsins í Nýjadal við Tungnafellsjökul og er komið var á fætur um morguninn var komin hrið, snjókyngdi niður og skyggni var ekki meira en 10 metrar að sögn ferðalanga. Var brotizið áfram í Framhald á bls. 27

uninn var komin hrið, snjókyngdi niður og skyggni var ekki meira en 10 metrar að sögn ferðalanga. Var brotizið áfram í Framhald á bls. 27

Stjórnarráðinu lokað í gær

MORGUNBLAÐINU barst í gær eftirfarandi frétt frá forsætisráðuneytinu:

Eins og þegar er kunnugt brann ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum í nótt og fórust þar dr. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra og kona hans, frú Sigríður Björnsdóttir ásamt dóttursyni þeirra, Benedikt Vilmundarsyni. Skrifstofum Stjórnarráðsins er lokað frá hádegi í dag. 10. júlí 1970.



Íslenski fán inn blakti í hálfu stöng á Alþingi húsinu í gærdag.

Forsætisráðherrahjónin og dóttursonur þeirra létust á Þingvöllum í fyrrinótt

Forsetaheimsókn til Austurlands frestað

MORGUNBLAÐINU barst í gær eftirfarandi tilkynning frá skrifstofu forseta Íslands:

Vegna andláts dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, og konu hans frú Sigríðar Björnsdóttur verður ráðgerðri opinberri heimsókn forseta Íslands og konu hans til Austurlands dagana 15.—22. júlí frestað um óákveðinn tíma. Reykjavík, 10. júlí 1970.

AD íslensku þjóðinni er nú mikill harmur kveðinn. Dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, fórst ásamt konu sinni, frú Sigríði Björnsdóttur og dóttursyni þeirra, Benedikt Vilmundarsyni, þegar eldur kom upp í ráðherrabústaðnum, eða konungshúsinu á Þingvöllum, eftir miðnætti aðfararnótt föstudags. Var það ætlun forsætisráð-

herrahjónanna að dveljast einungis þá nótt í konungsbústaðnum, en halda síðan á föstudagsmorgun vestur á Snæfellsnes, þar sem ráðgert var að forsætisráðherra tæki þátt í héraðsmóti.

Óvist er um eldsupptök. En svo virðist sem eldurinn hafi magnast á mjög skömmum tíma, og þegar að var komið og reynt að opna húsið, var engu líkama en sprenging yrði svo þrunguð var


loftið af eldi og reyk. Gestahús, sem stendur norðvestan við konungshúsið skemmdist elcki, enda stóð vindur af því. Vont veður var á Þingvöllum á fimmtudagskvöld og þá um nóttina, norðan hávaðarok, fól á jörð og gránaði í fjöll.

Að því er bezt er vitað voru það hollenzkir ferðamenn, sem fyrstir urðu brunans varir. Urðu þeir eldsins varir um 1.30 um nóttina og skýrðu þá frá hinum hörmulegu tíðindum.

Forsætisráðherrahjónin höfðu mikið yndi af að dveljast í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum, og fóru þangað á sumrin, þegar tími gafst til. Dr. Bjarni hafði unum af að ganga um fagurt umhverfi Þingvalla og var kunnugri sögu og staðhátum þar um slóðir en títt er. Ekki þótti þeim hjónum sízt gamlan að skreppa austur til Þingvalla, þegar halla tók af sumri og hið fagra umhverfi roðnaði af haustlaufi. Er þeim sem heimsóttu þau hjón á Þingvöllum minnisstætt hversu vel þau undu sér í glaðværum hópi góðra vina austur þar.

Húsið, sem hið hörmulega slys varð í, var byggt fyrir konungskomu Friðriks 8. til Íslands 1907. Þá stóð það á flötunum skammt fyrir neðan Öxarárfoss, en var fyrir Alþingishátíðina 1930 flutt þangað sem það stóð, er húsið varð eldinnu að bráð.

Framhald á bls. 27




Jóhann Hafstein

Jóhanni Hafstein falið að gegna störfum forsætisráðherra

MORGUNBLAÐINU barst í gær eftirfarandi fréttatilkynning frá forsætisráðuneytinu: Forseti Íslands hefur í dag að tillögu ríkisstjórnarinnar

fallið á að fela Jóhanni Hafstein ráðherra að gegna störfum forsætisráðherra fyrst um sinn.

10. júlí 1970.



Frá brunanum á Þingvöllum í fyrrinótt.

VÍSIR

60. árg. — Laugardagur 11. júlí 1970. — 154. tbl.

Forsetinn styður herferð Landverndar

Forseti Íslands dr. Kristján Eldjárn, lýsti opinberlega yfir stuðningi sínum í gær við herferð Landverndar í landgræðslu og náttúruvernd. — Forsetinn fór fram á það fyrir nokkrum dögum að fá að kaupa tvær fötur með fræi og áburði, en í heiðursmyndinni við hann var ákveðið að skátar afhentu honum föturnar fyrir hönd Landverndar við smáathöfn að Bessastöðum í gær.

Með þessu gengur forsetinn, dr. Kristján Eldjárn á undan öðrum landsmönnum með góðu fordæmi, sem Landvernd væntir og vonar, að almenningur fylgi. Skátar, sem eru eitt af fjölmörgum aðildarfélagum Landverndar, munu selja fræ og áburð á Vesturlands- og Suðurlandsvegi í dag, en auk þess fæst það á bensinstöðvum víða um land. Ætlað er til þess að ferðafólk dreifi úr fötum í jarðvegssár ýmis konar eða jafnvel umhverfis hús sín.



Skátar, sem eru aðilar að Landvernd eins og fjölmargir aðrir, afhentu forsetanum fræfötur.

Mikill málarekstur vegna Mývatns:

Ríkið krefst eignarréttar að Mývatnsbotni

— gagnstefnir bændunum — eitt umfangsmesta mál sem komið hefur fyrir íslenska dómstóla — Aðaldalsbændur einnig í málaferlum

„Mývatnsmálið svonefnda sem fjallar um eignarrétt á botni Mývatns, kom fyrir rétt á Skútustöðum í síðustu viku. Höfðu landeigendur að vatninu stefnt ríkinu (Kísiliðjunni) og krafizt þess að ríkið viðurkenni eignarrétt þeirra að vatnsbotninum. — Hefur málarekstur þessi heldur betur færzt í aukana, þar sem ríkið gagnstefnir öllum bændum á svæðinu.

Einnig er öðrum bændum sveitanna gagnstefnt svo og sveitarfélaginu sem slíku, til þess að þola dóm til beinnar viðurkenningar á eignarrétti ríkisins á botni og botnverðmætum vatnsins. Ekki er á-

greiningur um vatnsbelti (netlög) jarðanna, né heldur um veiðaréttinn sem „vatnsbakkabændur“ eiga. Var gagnsókin þingfest í síðasta réttarhaldi og lögðu báðir aðilarnir fram mikið af skjölum og gögnum, þ.á.m. ljósrít af fornskjöllum og erlendum fræðibókum og umbodmaður ríkisins auk þess greinargerð upp á 40–50 síður. Þrjú dómendur sitja dóminn, en málið flytja fjórir hæstaréttarlögmennt enda mun mál þetta með stærstu málum, sem komið hefur fyrir ísl. dómstól. Hefir mál af slíku tagi aldrei verið dæmt hér fyrir og réttarreglur fáar og óljósar um allt það, sem snertir almenningu í landinu, þ.á.m. stöðuvötn utan netalagna. Er líklegt að á þetta reyni á næstu árum, ef gerðar verða stórar uppistöður á hálendinu í sambandi við vatnsvirkjanir, og fylgjast því margir með þessum málaferlum af athygli. Lagði lögmaður Mývatnsbænda fram í þinghaldinu gögn um vötn og tjarnir í landinu, sem eru nær þúsund talsins og Mývatnsdómurinn gefur for-

dæmið að meira eða minna leyti. Þá verður í næstu viku þingfest lögbannsmál, sem bændur í Aðaldal höfðu á hendur Laxárvirkjun varðandi hin áformuðu stíflumannvirki við Brúar í Aðaldal. Ekki standa Laxárdalsbændur að málaferlum þessum, enda mun einhver konar

samkomulag hafa tekizt þar efra. Bændur neðra óttast hins vegar að stíflan verði aldrei svo sterk að öruggt sé að hún geti ekki brostið t.d. í jarðskjálftum eða öðrum náttúruhamförum. Setudómari í þessu máli er Magnús Þoroddsen borgardómari. —PS

Ólíklegt að eldsupptök finnist

Upptök eldsins í konungshúsinu á Þingvöllum í fyrrinótt, þar sem Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, kona hans og dóttur sonur brunnu inni, eru enn ókunn. Að sögn Ingólfs Þorsteins sonar yfirlöggregljóns rannsóknarlögreglunnar, sem ásamt Nirði Snæhólmi aðalvarðstjóra, vann að rannsókn eldsupptaka í gær, sagði að mjög erfitt væri að komast fyrir þau, jafnvel lítil líkur til þess að það yrði nokkurn tíma hægt með fullri vissu.

Húsið brann sem kunnugt er allveg að grunni og stóðu aðeins eftir söklar þess og skorsteinn. Getgátur voru uppi um það að kviknaði hafi í út frá gaskút, sem fannst sprunginn í rústunum, en hann hefði allt eins getað sprungið þótt ekki hefði kviknað í út frá honum. Líklega hefur kútur þessi orsakað sprenginguna, sem Hollendingarnir sem fyrstir komu á staðinn í fyrrkvöld sáu, en eldurinn magnaðist þá um allan helming.

Fáir voru á ferli þarna um þetta leyti en rannsóknarlögreglan hefur haft tal af allmörgu fólki, sem þarna var í grennd en allt kemur fyrir ekki. Séra Eiríkur Þjóðgarðsvörður gekk til dæmis suður undir bústaðinn fyrir um kvöldið en varð þá ekki var við neitt athygli vert né varð einu sinni var við að fólk væri í húsinu.

Þær getgátur hafa einnig komið fram að kviknaði hafi í út frá

kyndingu eða rafmagni, en rafstöð var byggð áfast við húsið. Hún brann hins vegar ekki.

Óvíst er því hvort nokkurn tíma verður fyllilega úr því skorðið hver orsök þessa hörmulega atburðar hefur verið. — JH

Kuldakasti slotar

Kuldakastinu hefur slotað, eftir að hafa skilið eftir sig mikinn snjó á norðanverðu hálendinu. Í gær klukkan 18 mældist meðalsnjódypt á Hveravöllum 8 cm. Vegagerðin varar fólk eindregið við að leggja á hálendisvegi, sérstaklega Sprengisandsleið. Kjalvegur að norðanverðu mun einnig vera ófær. Að öðru leyti eru vegir á landinu í lagi, en eitthvað mun færð hafa þyngzt vegna bleytu.

Veðurstofan spáir hægt batnandi veðri, það dragi úr vindi og regnsvæðið þokist austur á bóginn, og um leið hlýni. Í gær hefði snjóað það langt niður í hlíðar Esju, að nær er einsdæmi á þessum árstíma.

Í kuldakastinu lenti fólk í hrakningum og köld var vist hjá allmörgum á Þingvöllum í fyrrinótt, þegar tjöldin fuku ofan af þeim.

Ferðalangarnir, sem fóru Sprengisandsleið á vegum Úlfars Jacobsen gistu á Húsavík í nótt, en í dag er ferðinni heitið til Hljóðakletta og seinna til Herðubreiðarlinda. Þótti þeim Sprengisandsferðin hin ævintýralegasta og notuðu myndavélar og kvikmyndavélar óspart í snjókomunni.



Jóhann Hafstein, forsætisráðherra.

Forseti skipar Jóhann Hafstein forsætisráðherra

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, hefur skipað Jóhann Hafstein til að gegna embætti forsætisráðherra fyrst um sinn. Undirritaði forsetinn skipunarbréfið í gær kl. 2, en ríkisstjórnin gerði tillögu þess efnis á fundi sínum fyrir um daginn. Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar á ríkisstjórninni eftir fráfall dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra. — VJ

Landsvirkjun heimilað 700 millj. kr. lán

Framkvæmdir hafnar við Þórisvatn. 2 vinnuflokkar starfa þar við stíflugerð og skurðgerð

Landsvirkjun hefur verið heimilúð lántaka allt að 8 milljón um dollara eða um 700 milljónir ísl. króna á þessu og næsta ári til lúkingar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar svo og til rannsóknna á öðrum virkjunarframkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, fyrst og fremst í Tungnaá.

Framkvæmdir eru þegar hafnar við Þórisvatn og hafa tveir vinnuflokkar starfað þar frá því að verk

falli lauk. Vinna þar nú hátt á annað hundrað manns og búa í tveim vinnubúðum. Framkvæmdirnar, sem unnið verður að í sumari við Þórisvatn eru stíflugerð í Þórisósi og hluti af skurði við suðvestur enda Þórisvatns, sem veita á vatni gegnum til þess að auka vatnsrennsli til Búrfellsvirkjuna og rennsli síðar meir til Tungnaárvirkjuna.

Þessum framkvæmdum á að vera lokið fyrir haustið 1971. Þá er eftir stíflugerð í Köldukvísl sem verður

veitt í Þórisvatn til að auka vatns magnið, þeirri framkvæmd á að vera lokið 1972 og verður verkið búið út í haust.

Verktakinn Ístak hefur vatnsfellsveituskurðinn að suðvestanverðu að hluta á sínum vegum og var byrjað að grafa skurðinn fyrir hálfum mánuði. Þar vinna nú milli 60 og 70 manns. Byrjað er á að fjarlægja eina milljón rúmmetra af lausu efni sandi og mól, en 100 þúsund rúmmetra þarf að sprengja. Verður unnið að þessu verk fram í nóvember. Verktakarnir Þórisósi vinna að stíflugerðinni í Þórisósi, sem er ætlað að hindra rennsli vatnsins til norðurs. —SB

Mótið styttist um einn dag

Vonzkuveður, olli heilmiklum usla á hestamannamótinu á Þingvöllum. Á föstudagsnóttina rauk veðurhæðin upp rétt um miðnætt íð og varð ekki við neitt ráðið. Mikill kuldj var og gránaði jörð. Nokkur tjöld fuku og eitthvað af fólki gafst upp við að dvelja þarna yfir helgina og hélt til Reykjavíkur. Setningu mótsins var frestað til dagsins í dag laugardag vegna hins válega slyss er varð á Þingvöllum. Reynt verður að ljúka móttinu á sunnudag og því nóg að gera bæði í dag og á morgun. —GG

„Söknuður minn verður djúpur“

— sagði forsætisráðherra Dana — mikill fjöldi samúðarskeyta barst í gær

Íslenzku þjóðinni barst í gær mikill fjöldi samúðar skeyta frá þjóðhöfðingjum, ríkisstjórnnum og einstaklingum um víða veröld vegna hins hörmulega fráfalls forsætisráðherra Jónna og dóttursonar þeirra. Skeytin hafa borizt til forseta Íslands, til forsætisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og eflaust á ýms aðra staði. Ekki voru

tök á því að taka saman allan fjöldann í gær, enda má búast við mörgum skeytum yfir helgina.

Hið sviplega fráfall forsætisráðherrans hefur vakið mikla athygli erlendis. Í viðtali við danska fjölmiðla sagði Hilmar Baunsgaard „forsætisráðherra Dana m. a. eftirfarandi um sinn látna starfsbróður:

„Í Danmörku höfum við tekið við fregninni um dauða Bjarna Benediktssonar, forsætisráð-

herra, konu hans og barnabarns með mikilli sorg. Með þessu slysi hefur Ísland ekki aðeins misst mikinn mann, heldur einn íð óvenjulega reyndan og mikils metinn stjórnmálamann.“ — „Fráfall hans mun skilja eftir sig mikinn söknuð á Íslandi. Bjarna Benediktssonar mun einnig verða saknað hér í Danmörku. Við höfum kynnt honum sem tryggum og jákvæðum vini. Hin jákvæðu viðhorf, sem Bjarni Benediktsson hafði í samskiptum landa okkar beggja,

komu einnig ljóslega fram, þegar hann kom fram fyrir hönd lands síns í norrænni samvinnu. Í víðræðum undanfarinna ára um auknari og styrkari samvinnu kynntist ég Bjarna Benediktssyni og lærði að meta hann sem stjórnmálamann og mann.

Söknuður minn verður djúpur.“ Forsætisráðherra hinna Norðurlandanna gáfu frá sér svipaðar yfirlýsingar. Sérstaklega tók Per Borten sterkt til orða, hafði hann mikil samskipti við Bjarna Benediktsson. — VJ

Á annað hundrað hljóðfæraleikarar á sumarhátíðinni í Húsafellsskógi

— sem haldin verður um Verzlunarmannahelgina

Nú þegar er hafinn undirbúningur að sumarhátíðinni sem haldin verður í Húsafellsskógi um næstu verzlunarmannahelgi, en hátíðina í fyrra sóttu rúmlega tuttugu þúsund manns. Verður hátíðarsvæðið opnað klukkan 14, föstudaginn 31. júlí, en hátíðarslit fara fram á sunnudagsnóttinni. Heiðursgest

ur hátíðarinnar verður að þessu sinni Ásgeir Ásgeirsson, fyrrum forseti Íslands.

Hefst dagskrá mótsins strax á föstudagskvöldinu, en þá verður dansað á tveim pöllum og tvær vinsælustu hljómsveitir landsins um þessar mundir, Trúbrot og Náttúra leika þar fyrir dansi.


Keppt verður í íþróttum og hljóðfæraleik, kynnisferðir verða farnar um Borgarfjörðin, sérstakar skemmtidagskrár fluttar af mörgum okkar þekktustu grínistum þjóðlagaflytjendum, dönsurum og táníngahljómsveitum, en þeir síðast nefndu munu einnig sjá til þess, að láta dansinn duna langt fram yfir miðnætti, en kvölddagskránum mun svo ljúka bæði kvöldin með varðelda og flugeldasýningum

Hvorki meira né minna en átta hljómsveitir munu sjá um framleiðslu danshljómlistarinnar eða alls á annað hundrað spilarar. Eru hljómsveitirnar Trúbrot, Náttúra Óðmenn, Trix, Ævintýri, Gautar og hljómsveit Ingimars Eydals, sem sjá munu til þess. Þá mun og fara fram á hátíðinni keppni meðal yngri hljómsveita í hljómlistarheiminum um titilinn „Táníngahljómsveit ársins 1970“, og fær sú hljómsveit sem kosningu hlýtur 20000 krónur að launum. —PJM

Áfengissala hefur aukizt um 17,7%

Áfengissalan í apríl, maí og júní jókst um 17,71% í krónutölu miðað við sama tíma í fyrra. Samtals var á tímabilinu selt áfengi fyrir 202 milljónir 962.484,50 kr. en á sama tíma í fyrra fyrir 172.421.604,00 kr.

Mest var salan í Reykjavík, eða 152.106.179,50 kr. Á Akureyri var selt fyrir rúmar 17 milljónir króna, en tæpar 12 milljónir í Keflavík og tæpar 10 milljónir í Vestmannaeyjum. Salan jókst mjög á öllum þessum stöðum. Ísfríoingar keyptu vín fyrir tæpar 5 milljónir, Seyðfiríoingar fyrir 4,2 milljónir og Siglfiríoingar fyrir 2,8 milljónir króna.



Guðmundur Jónsson ásamt Graham Page-bil sinum, — konan elskar hann meira en mig, sagði Guðmundur.

Liðlega fertug bifreið

— Graham Page, ekinn 836 þús. km.

● Bilainnflutningur er gífurlegur þessa dagana. Hver sem betur getur reynt, að fá sér nýjan bil og mikið fjór er verzlun með notaða bíla. Þó er einn maður sem ekki hrifst með í þessari almennu biladellu, það er maðurinn sem átt hefur sama bílinn í 37 ár og allan þann tíma hefur honum ekki fundizt nýju árgærdinar svo merkilegar, að það tækj því að selja þann gamla og fara að

aka nýrri árgærd. Einn elztj bíll á landinu er liðlega fertugur orðinn, eða 41 árs. Hann er af gærdinnj Graham Page og var fluttur til landsins árið 1929. Núverandi eigandi er Guðmundur Jónsson, bifvéla virki, og keypti hann bílinn árið 1933. Þá var bíllinn aðeins 4 ára, en ekinn um 80 þús. km. Hann var þá í fremur bágborinu ástandi a.m.k. miðað við það sem hann er núna, og smíðaði Guðmundur þá á hann nýjar aur hlifa og dyttaði síthvað fleira að honum.


Núna hefur bílnum verið ekið 836 þús. km og er í honum 1953 árg. af Dodge vél.

„Vélin er ekki nema um 115 hestöfl“, segir Guðmundur, „mér finnst hann heldur aflitill og hef hug á að skipta og fá mér stærri vél.“

Hvað geturðu keyrt hann hratt? spyrjum við eins og gæj arnir.

„Hef þanið hann í 150 km og þá gaf ég honum heldur betur en þá þrjónaði hann að framan“ segir Guðmundur, „það er örugglega hægt að aka honum í 160 eða meira.“

Guðmundur er ferðalangur mikill og fer allt á Graham gamla, „ég kemst á honum allt það sem jeppar fara“, segir hann og strýkur rykkorn af aurhlifinni. „Núna er ég nýbúinn að mála hann. Hann er núna í sín um upphaflegu litum, dökkbrúnn og ljósbrúnn.“ Að svo mæltu sezt Guðmundur undir stýri og gefur þeim gamla hraustlega inn, og við horfum andaktugir á „tryllitækið“ hans Guðmundar, sem þeir hafa boð ið honum hálfu milljón í. Graham Page er ekki til sölu fyrir svo fyrirlitlega upphæð. —GG



Flugbátur Flugfélags Íslands, TF-ISP var ein fyrsta farþegaflugvél erlend, sem lenti í Kaupmannahöfn eftir stríð. Þýzkir starfsmenn flugbátahafnarinnar voru ennþá við störf undir eftirliti og stjórn Bandamanna. Hér ferja tveir þjóðverjanna þá Jóhannes R. Snorrason flugstjóra og Jóhann Gíslason loftskiptamann út í flugbátinn.

Millilandafflug aldarfjórðungsgamalt

● Réttur aldarfjórðungur er í dag frá fyrsta flugi Íslendinga með pósti og farþega milli landa. Var það Katalína flugbátur Flugfélags Íslands, sem flaug þessa fyrstu ferð héðan úr Skerjafirðinum og til Skotlands. Var þetta eina flugvél landsmanna, sem hafði nægilegt flugþol til flugs milli landa.

Tök undirbúningur ferðarinnar, langan tíma, enda styrjalda

ástand og leyfi þurfti til flugsins frá mörgum aðilum. Fékkst leyfið að lokum og fjórur farþegar voru skráðir í þessa fyrstu ferð en áhöfnin var fjórur menn, auk tveggja Breta. Flugstjóri var Jóhannes R. Snorrason. Lent var í Glasgow eftir 6 klst. og 4 mínútna flug, en sem kunnugt er er þessi flugleið í dag flögin á 1½ tíma. —PS

Í MINNINGU FORSÆTISRÁÐHERRAHJÓNANNA og dóttursonar þeirra

Undanfarna viku hefir íslenska þjóðin verið harmi slegin. Á orlagaríki ógæfustundu mímis kvódd brott af þessu jarðarsviði mikilhæfasti og stórbrotnasti forustumaður þjóðarinnar, glæsileg eigin kona hans og yndislegur litill dóttursonur þeirra. Enn í dag finnst mér þessi atburður líkastur martröð, sem hljóti að vera hugarburður einn, svo óskiljanlegur er hann. Ósjálfrátt kemur upp í hugann annar atburður í sögu þjóðarinnar, er spekingurinn og friðarvinurinn Njáll á Bergþórshvoli gekk ásamt Bergþóru konu sinni og dóttursyni, örlögum sínum á vald í Njálshöfði. Er ekki líklegt, að þessi hörmulegi atburður á helgistað þjóðarinnar geymist á spjöldum Íslandssögunnar á líkan hátt, þótt tildrög væru með öðru móti?

Enn einu sinni stöndum við magnþota gagnvart þeirri staðreynd, að vegir guðs eru órannsakalegir. Úr miðri önn mikils og gifturíks starfs hverfur leiðtoga af sjónarsviðinu og í forustusveit litillar og vanmegnugrar þjóðar, sem þarf á öllu sínu að halda í framfarisókn, er höggvið stórt skarð, sem ekki verður séð, hversu fyllt verði í nánustu framtíð. Í áratugi hefir Bjarni Benediktsson staðið í eldlinunni í baráttu fyrir flokk sinn og hugsjónir hans, en í allri þeirri baráttu, sem vissulega hefir oft verið hörð, hefir hann þó alla tíð sett heill ættjarðarinnar ofar flokkshagsmunum, og því syrgir nú þjóðin öll einu hinn beztu son og mikilhæfasta þjóðarleiðtoga, sem Ísland hefir alið. Á slíkum orlagastundum gerist það, að okkar fámenna, en hó því miður alltof oft sundurbykka þjóð, samstillir hugina, og það var einmitt þjóðarvæðing og ábyrgt samstarf einstaklinga og stéttar, sem var grunnatvæðing í stjórnmalabóðskap Bjarna Benediktssonar.

Hér verður engin tilraun gerð til þess að rekja æviferil Bjarna Benediktssonar né kryfja til mergjar þau fjölbættu áhrif, sem hann hefir haft á mörgum sviðum íslensks þjóðlífs, enda væri það efni í stóra bók. Störf og áhrif þjóðskörunga verða heldur aldrei hlutlægt dæmt af samtímanum, enda orkar allt tvímælís þá gert er, svo sem hann oft sagði sjálfur af sinni miklu viðsýni. Það má þó hiklaust fullyrða, að Bjarni Benediktsson mun skipa virðulegan sess í Íslandssögunni og framtíðin mun leiða í ljós, hversu stóran þátt hann átti í því að tryggja grundvöll hins íslenska lýð-

veldis og öryggi þess bæði inn á við og út á við. Hann hafði forustu um að marka utanríkisstefnu lýðveldisins og í alhliða sókn þjóðarinnar til betri lífskjara og nú síðustu árin í varnarstríði hennar gegn miklum efnahagsáföllum, hefir hann í forsætisráðherratið sinni reynzt hinn ráðhólli, óbugandi og sammingslipri leiðtogi, sem ómetanlegt er og ógleymanlegt að hafa átt kost á að vinna með og njóta leiðsagnar frá.

herzlu á nauðsyn þess að styrkja stjórnskipulagið með síðmennilegum málflytningi stjórnmalamanna, og á stuttum ritstjóraferli við Morgunblaðið lagði hann grundvöll að bættum og hlutlægari málflytningi, sem hafði áhrif á alla blaðamennsku í landinu.

Rökfimi Bjarna Benediktssonar í kappæðum var fráþær. Þar nutu sín í senn gáfur hans, skipuleg hugsun, yfirgripsmikil þekking og fágætt minni. Þótt auðvitað megi allt

stæðis og betra lífs. Þótt hann væri fæddur í Reykjavík, ætti þar heima alla tíð og væri helzti forsvarsmadur höfuðborgarinnar, bæði sem borgarstjóri og þingmaður, þá hafði hann næman skilning á hagsmunum strjálbýlisins og gildi þess fyrir heilbrigða þjóðfélagsþróun. Honum var það einnig ríkt í huga að bæta lífskjör þeirra, sem lakar voru settir í þjóðfélaginu, og hefir hann hvað eftir annað í stjórnartíð sinni reynt að fá samstöðu um


og lýðræðislegir starfshættir væru litilli þjóð lífsnauðsyn til heillaríks þjóðlífs. Hann var foringi stærsta flokks þjóðarinnar, en það var honum ríkt í huga að beita aldrei valdi hins sterka með ódrengilegum hætti. Fullur drengskapur og heidarleiki í samstarfi við aðra var honum ærumál. Þess vegna gat hann með fullum rétti verið talsmaður samstarfs og samvinnu.

Bjarni Benediktsson var stór í hugsun og skoðaði viðfangsefni af háum sjónarhóli. Hann var fjölmenntaður og gerði sér fulla grein fyrir því, að menntun og efnahagsleg velsæld hljóta að verða að fylgjast að, til þess að farsælt þjóðlíf geti þróast. Sjálfur lagði hann mikið af mörkum til eflingar andlegri menningu þjóðarinnar, bæði sem stjórnmalamaður, afkastamikill rit höfundur, einkum á sviði lögfræði og sagnfræði, og síðast en ekki sízt með forustu um stofnun og starf stærsta bókmenntafélags í landinu. Öll þjóðleg verðmæti voru honum hefur dómur, en hann kunnir þó vel að meta gildi alþjóðlegra menningarstrauma fyrir íslenska þjóðmenningu.

Bjarni Benediktsson hefir sem utanríkisráðherra og síðar sem forsætisráðherra haft mikil samskipti við forustumenn annarra þjóða og jafnan þannig á málum haldið, að þjóðinni hefir verið sæmd af. Því er Ísland nú virt og viðurkennt í samfélagi frjálsra þjóða, og minningarorð margra erlendra stjórnmalaleiðtoga um Bjarna Benediktsson sanna gúggt, hversu hann á erlendum vettvangi hefir aukið virðingu þjóðarinnar.

Ég hygg, að Bjarni Benediktsson hafi unnað þingvöllum mest allra íslenskra sögu-staða, enda undi hann þar vel hag sínum, reikadi þar um sögu-staði. Þar sem stærstu atburðir Íslandssögunnar hafa gerzt um aldir, og spor fjölda genöfna leiðtoga þjóðarinnar eru hulin í jörð. Á þennan helgistað sótti hann hild frá önnum umfangsmikilla starfa og naut umhyggju sinnar ágætu eigin konu. Þótt það sé harmsaga og saknaðarefni ástvinum og þjóðinni allri, að þessi glæsilegu hjón skuiu löngu fyrir aldur fram hafa verið með sviplegum hætti köll uð burtu úr okkar sýnilega heimi, þá gætt skaparinn ekki valið kveðjustaðinn betur, úr því að kallið varð að koma.

Bjarni Benediktsson vann þjóð sinni ómetanlegt og ógleymanlegt ævistarf. Hann eignaðist frábæra konu, sem vann hug allra, sem henni



Heima í Háuhlíð 14. Sigríður situr með Benedikt Vilmundarson, Bjarni með nafna sinn Markús. Á bak við standa systkinin Björn, Valgeðrur, Anna og Guðrún.

Bjarni Benediktsson var stórbrotinn persónuleiki eigi síður en fyrirrennari hans, Ólafur Thors, þótt þeir væru ólíkir um margt. Gáfur hans voru miklar og fjölpættar, og þótt hann væri skapmikill og ráðríkur, þá var hann alltaf reiðubúinn til að hlusta á og kunnir vel að meta skoðanir og ráðleggingar samstarfsmanna sinna og leitaði einnig oft álit forustumanna andstöðuflokka. Þótt hann væri hinn mikli foringi, sem við samherjar hans virtum fyrir ráðhygni og forustuhæfileika, þá var hann enginn einræðisherra í flokki sínum, enda hefði hann ekki kosið sér það hlutskipti, því að hollusta við lýðræðislega stjórnarhætti var sérstaklega ríkur þáttur í skapgerð Bjarna Benediktssonar. Því var honum það hið mesta hagsmunamál að efla lýðræðið í landinu á sem flestum sviðum og höfudstofnanir þess, Alþingi, stjórnarráð og dómstóla. Hann lagði einnig mikla á-

af deila um, hvort skoðanir hans sem annarra manna hafi verið réttar, þá hefi ég aldrei vitað hann felldan í glímu á rökþingum, og það vakti oft bæði undrun og addáun, hversu hann flutti langar og skipulegar ræður, án þess að styðjast við eitt skrifad orð, og hversu hann gat svarað mörgum og löngum ræðum andstæðinganna, án þess að hafa nokkurt minnisatriði skrifad.

Rætur Bjarna Benediktssonar stóðu djúpt í íslenskrum þjóðmenningu og íslenskrum mold. Hann hafði að heiman gott vegarnesti, alinn upp á rammíslensku menningarheimili, þar þar sem íslenskr sveisamening var í hávegum höfð og eldhuginn faðir hans í fremstu röð baráttumanna fyrir frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar. Það var því að vonum, að jafn hæfileikamikill maður og Bjarni Benediktsson yrði gripinn þrá til að verða ættjörð sinni að gagni í sókn hennar til sjálf-

aðgerðir til þess sérstaklega að bæta kjör láglaunafólks.

Síðasta tillaga Bjarna Benediktssonar í ríkisstjórninni var að efna til samstarfs launþega, vinnuveitenda og ríkisstjórnar um að leita úrræða til þess að tryggja launþegum í framtíðinni raunhæfar kjarabætur með skynsamlegum vinnubrögðum við kjarasamninga og könnun á tiltækum ráðstöfunum til að forða atvinnuvegum og almenningi frá ófarnadi verðbólgu og dýrtíðar. Þessi tillaga var í nánun samræmi við þá grundvallarskoðun hans, að fjármagn og vinna yrðu ekki sætt með valdböðum heldur með gagnkvæmum skilningi og samvinnu almanna valds og hagsmunasamtaka. Þótt Bjarni Benediktsson væri vígfinnur stríðsmaður, ef á þurfti að halda, þá var honum sátt og friður ætíð efst í huga, og í beðskæpnum sínum til þjóðarinnar í ræðu og riti þreyttist hann 'dre' á að hamra á því, að stéttafriður, samstarfsvilji

kynntust og tók með glöðu geði á sínar herðar þær margvíslegu byrðar og skyldur, sem því hlaut að fylgja að vera eigin kona manns í stöðu Bjarna Benediktssonar og húsfreyja á gestrisnu heimili. Með glöðlyndi sínu og hressilegu viðmóti, jafnhliða reisu og virðulegri framkomu, gegndi hún hlutverki sínu með miklum sóma og veitti áreiðanlega mikilli birtu inn í líf eiginmanns síns og barna. Þjóðin á henni mikla þökk að gjalda. Vel hygg ég einnig, að hún hafi kunnað því, eigi síður en Bergþóra forðum, að fá að fylgja bónda sínum til nýrri heima, sliki var sambúð þeirra.

Þjóðin öll harmar missi mikils leiðtoga, göfugrar konu hans og elskulegs dóttursonar, Sjálfstæðismenn harma foringja sinn, við nánustu samstarfsmenn hörmum missi ráðsnjalls leiðsögumans og góðs vinar, en stærst er sorg barna þeirra hjóna, foreldra drengsins litla, afa hans og ömmu, sem hann var svo hjartfólginn, og annarra ástvina og ættingja. Til þeirra streyma samúðarkveðjur og bænir okkar allra. En gerum okkur jafnframt grein fyrir því, að sorg yfir ástvinamissi má ekki yfirgnæfa þakkarhuginn til skaparans fyrir að hafa fengið að njóta hinna brott kvöðdu. Og hér hefir vissulega þjóðin öll og þá fyrst og fremst nánustu ástvinir óendanlega mikið að þakka fyrir líf og starf mikils afreksmanns, göfugrar konu og móður, og fyrir lítinn dreng, sem var búinn að vera mörgum sólargeisli, en sem skaparinn kaus að láta fylgja afa sínum og ömmu til hins eilífa sólarlands.

Það var ekki venja Bjarna Benediktssonar að æðrast, og hann ætlaðist til mikilla starfa af öðrum sem sjálfum sér. Lífið verður að ganga sinn gang, og það eitt sémir minningu Bjarna Benediktssonar að reyna eftir getu að halda á lofti því merki, sem hann bar með svo miklum glæsibrag. Látum síðustu stjórnarathöfn hans, boðskapinn um sátt og samstarf til úrlausnar þeim vanda, sem hvað erfiðastur hefir reynzt íslensku þjóðinni, verða að raunveruleika.

Skáldið Jóhann Sigurjónsson leggur Skarphéðni þessi lokaorð í munn í Njálsbrennu:

Vér brennum — vér brönnum sem kyndlar á aldanna eilífu strönd.

Megi kyndillinn frá Þingvöllum lýsa þjóðinni veginn, ekki til mannhafnda, heldur til nýrrar sóknar fyrir heill og hagsæld íslensku þjóðarinnar.

Magnús Jónsson.



Með fráfalli Bjarna Benediktssonar er horfinn af sviðinu áhrifamesti stjórnmaðmur Íslendinga. Það var djúp sorg, er grúfði yfir íslensku þjóðinni, er hinn hörmulegi atburður spurdist um brunann á Þingvöllum, — sorg sem ekki aðeins nísti

hina nánustu og Íslendinga yfir höfuð, heldur náði einnig til fjölda manna meðal erlendra þjóða, sem kynni höfðu haft af forsætisráðherranum og báð um þeim hjónum, Bjarna og Sigríði. Um það vottar meðal annars mikill fjöldi af samúðarkveðjum víðs vegar úr heiminum.

Ekki verður deilt um, að Bjarni hefir átt mestan þátt í stjórnmalastarfi síðustu ára. Og raunar um langa hríð, eða allt frá því að hann kom á Alþingi, hefir hann verið aðsópmikill í úrslitum mála. Hefir og mikinn hluta þess tíma verið í ráðherrasæti. Gáfur hans voru frábærar, atorka og viljafesta og var hann afkastamaður til starfa, svo að af bar. Þótt sumum kynni að virðast Bjarni ekki við alþýðuskap, þá er það misskilningur, því að hann var einmitt alþýðlegur í viðmóti og deildi geði við hvern sem var og hafði síður en svo minni ánægju af kynnum við alþýðufólk. Hann skildi til hlýtar samhengi slíkra kynna og stjórnmalastarfsins.

Mesta framfaraskið á Íslandi og stjórnmalastörf Bjarna Benediktssonar hafa orðið samferða. Það er engin tilviljun, heldur eðlilegt í mesta máta. Hann þarðist af mikilli festu fyrir stóriðju á Íslandi og mun engum hafa dúið fögnuður hans yfir virkjun Þjórsár og álverksmiðjunnar í Straumsvík. Ræða sú, er hann flutti á Alþingi, er stóriðjumálið kom fram, er ein sú allra minnisstæðasta, er hann flutti, og má þó segja að tæpast tæki hann svo til máls á Alþingi að eigi vekti mikla athygli. Var það augljóst, hve miklu bezt var almennt af þingmönnum fylgt með málflutningi hans í þingsólum.

Þyngst á metum munu þó áhrif Bjarna hafa verið í utanríkismálum og samskiptum við aðrar þjóðir. Má þar nefna t. d. landhelgisdeiluna við Breta og lausn hennar. Og þá ekki síður þátttöku Íslendinga í Atlantshafsbandalaginu. Yfirburðir Bjarna á stjórnmalasviðinu voru hvað mestir á þessum sviðum. Hann var mikils met-



Kistur þeirra Bjarna Benediktssonar, Sigríðar Björnsdóttur og Benedikt Vilmundarsonar bornar úr Dómkirkjunni í Reykjavík.

inn meðal stjórnmalamanna víðs vegar um heim, þar sem samskipti þjóðanna eru mest. Sífellt fer vaxandi nauðsyn þess að eiga stjórnmalamenn, sem hafa víðsýni og þekkiugu í alþjóðastjórnmalum. Ef til vill hefir á því sviði skarð okkar orðið mest við fráfall Bjarna.

Það er almannarómur á Íslandi, að með Bjarna Bene-

diktssyni höfum við misst okkar mesta stjórnmalamann. En nú er að snúast til nýrrar sóknar. Fylla skarðið, eins og við höfum vit og kraft til. Sjálfstæðismenn verða nú að sýna samhug og getu. Það er skylda við þjóðina og minningu Bjarna Benediktssonar.

Kona Bjarna, Sigríður Björnsdóttir, hvarf með manni sínum. Hún var til sóma, hvar

sem leiðir þeirra lágu. Eftirtektarvert var hið skæra blik í augum hennar. Því fylgdi ferskur hressileiki. Nú er það horfið, — en, — það lifir í minningunni.

Blessuð veri minning forsætisráðherrahjónanna, Bjarna og Sigríðar, og litla dóttursonarins.

Jónas Pétursson.



Aldrei hefur annarri eins þögn slegið niður yfir okkar fámennu þjóð, alla í einni svipan, eins og með morgunfregningni föstudaginn 10. júní, allt frá Arnarhvoli og Skúlagötu úi yztu stranda og innstu dala. Og aldrei hefur samúð með okkar litla landi og þjóð borizt eins alhliða hingað heim handan yfir höf eins og þessa dagana. Það talar sínu máli. Þessi er máttur tækninnar að flytja fregnir og máttur atburðarins að orka á hugi manna eins og reidarslag.

Bjarna Benediktsson þekktu allir Íslendingar og vissu á honum mikil deili, vitsmunum hans, atgervi, drengskap og langsjúni. Nú viðurkenna þetta allir og hafa raunar gert áður flestir, þó um hann stæði styr mikill á jökultindi hefðarinnar. Slíkt verður ævinlega um stóra menn.

Hann var fulltrúi höfuðborgarinnar á Alþingi, en þjóðarinnar allrar fyrst og fremst í ríkisstjórn. Að vonum voru gerðar til hans miklar kröfur úr hans kjördæmi, og er mér ekki grunlaust um, að sumum þar hafi þótt hann líta stundum nokkuð mikið á aðstöðu og þarfir smærri staða utan höfuðborgarsvæðisins. En hann hafði heildarsýn um allt okkar strjálbýla land og langt út fyrir það. Og ábyrgðar meðvitund hans sem forsætisráðherra og þjóðarleiðtoga var rík og stund um þung, þegar móti blés.

Aldrei vissi ég hann bugast, þó erfiðleikar risu. Honum var karlmennska í blóð borin og jafnan leitandi að úrræðum og fundvís á þau. Óhjákvæmilega snerti okkar sífellda kaupgjaldspref hann mjög sem ráðherra. Þar kom velvilji hans til verkamannastéttarinnar oft berlega í ljós. Þó mörgum vrdi það á, að telja hann óvin þeirra. Lægst þunnaða fólkið barf að fá kaupþækkun. Sæði hann oft en meinið er, að heir, sem hærri hafa launin, heimta alltaf sömu hækkunir hlutfallslega eftir prósentureikninni. Á meðan er ördugt að mjólkka bilið.

Strjálbýlið taldi hann hafa miklu stærra hlutverki að gegna en framfleyta fámennri bændstétt og framléiða búvöru á diskana. Þau mál, sagði hann í mín eyru má ekki gera að einu eða tveimur reikningsdæmum, eða eitthvað á þá leið. Tilvera okkar sem þjóðar í okkar ágæta landi er undir því komin, með mörgu fleiru að visu, að hér þrifist blómlegur búskapur og sveitirnar haldi hlut sínum sem bezt.

Þetta eru dæmi um alhliða yfirsýn og tekin af þeirri hillu málanna, sem margur mun á-



Jóhann Hafstein og Bjarni Benediktsson á landsfundi Sjálfstæðisflokksins síðastliðinn vetur.



Bjarni Benediktsson í heimsókn í aðalstöðvum S. þ. s.l. vetur. Hér sést hann ræða við frú Ingu Sólnes frá Akureyri, konu Jóns G. Sólness bankastjóra, eins af fulltrúum Íslands á Allsherjarþinginu. Á bak við þau eru Gunnar G. Schram og Ivar Guðmundsson.

líta, að Bjarni hafi einna sízt látið til sín taka.

Frú Sigríði Björnsdóttur þekkti ég ekki mikið nema í sjón. Hún var glæsileg með reisu í fasi, sem var í alla staði sambodid stöðu hennar. Mín fyrstu kynni af henni voru á heimili hennar 1960 eða '61. Tilrætt var þar um mann einn í hárrí stöðu. Þá sagði hún það, sem ég mun aldrei gleyma: Frá honum andar hlýju, sem vekur traust. Þetta bendir til átta og lýsir nokkuð því, sem inni fyrir bjó, og viðhorfum hennar til manna og málefna. Æ síðan sá ég hana í ljósi þessara orða.

Erlendur Íslandsvinur sagði á dögunum í bladi, að sögn útvarpsins, að eldsvoðinn á Þingvöllum minnti sig á brunann á Bergþórshvoli fyrir nær 1000 árum. Já, atburðir sögunnar minna oft hver á annan, því lífið er alltaf líki sjálfu sér, þó aldri líði. Þessa atburði aðskilur þó flest nema það, hve hörmulegir þeir voru. Og þó. Þegar við lítum á barnið, Benedikt, á síðum dagblaðanna, kemur okkur í hug annað barn fyrir 1000 árum. Og þá eigum við engin orð nema taka þau frá öðrum:

Eins og litill lækur ljúki sínu hjali.

En við verðum að forðast sem mest að rifja upp það, sem gengið hefur næst hjartanu. Vonleysi má engan henda, þó hann horfi á opið skarð og auð rúm. Skin kemur ævinlega á eftir skúr, og tíminn ber lyfstein að hverju sári smám saman. Með harm í huga flyt ég öllum aðstandendum hjartanlegar samúðarkveðjur.

Bjartmar Guðmundsson.



Þegar hin válegu tíðindi spurðust frá Þingvöllum að

manni þjóðarinnar á þessari öld, var auk alls þessa óbilandi þrautseigja við að leita lausnar á hinum ólíklegustu vandamálum, þolgæði við að setta stríðandi sjónarmið og umfram allt heidarleiki og drenglund í samskiptum við aðra.

Margir munu minnst þess frá undangengnum erfiðleikarárum, hve Bjarni lagði sig oft fram við að leita eftir álití annarra, bæði andstæðinga og samherja um það, hvernig leysa skyldi tiltekin vandamál. Oftast var það þó hann sjálfur, sem vegna fágætrar yfirsýnar og hygginda, kom auga á þá lausn, sem farsælust reyndist. Þegar ákvörðun var á annað borð tekin, fylgdi hann henni fram af festu og þunga, og þoldi stundum illa, ef samherjar hans gerðust hvik ulir við það, sem samþykkt hafði verið að styðja.

Ekkert var fjær honum en brigðmælgí eða yfirborðskenndar skrumræður. Slíkt fannst ekki í hans fari. Hann hirti og lítt um hvort stjórnarathafnir hans öfluðu honum vinsælda eða ekki. Þær voru grundvalladaðar á nákvæmri vfirvegum. Hann trúði á gildi þeirra til hagsbóta fyrir okkar þjóð. Þær hafa nú þegar margar sannað gildi sitt, enda átti hann sívaxandi trausti að mæta, einnig úr röðum andstæðinga Sjálfstæðisflokksins.

Sigríður Björnsdóttir kom hvarvetna fram sem þrýði manns síns. Hún var glæsileg kona og alúðleg í senn. Slíkra hjóna er gott að minnst. Þau eru kvödd í sorg, en minningin um þau mun verða þeim, sem áttu þá gæfu að kynnst þeim, ævarandi hvatning í störfum.

Með harmsögunni á Þingvöllum 10. júlí urðu kaflaskipti í Íslandssögunni. Þar lauk kaflanum um Bjarna Benediktsson og hans ágætu konu, Sigríði Björnsdóttur. Enn hafa gerst atburðir á Þingvöllum, sem aldrei verða máðir út úr sögu okkar þjóðar.

Með fátæklegum orðum

sendi ég börnum þeirra hjóna og öðrum nánustu aðstandendum þeirra og litla drengsins innilegar samúðarkveðjur. Megi þeim gefast styrkur og ró í þungum raunum.

Pálmi Jónsson.



Ég held við séum nú fyrst að átta okkur á því til fullnustu, að hann er horfinn. Hann var svo sterkur persónuleiki, svo mikill veruleiki í vitund okkar. Það var svo gott að geta reitt sig á það bjarg, sem ekki bifaðist. En nú er hann ekki lengur meðal okkar í starfi og stríði. Smám saman dofnað sársaukinn, og sorgin sefast, og okkur verður efst í geði rik þakklætistilfinning, þakklæti fyrir að hafa notið návistar hans og getað hlitt leiðsögn hans, þakklæti fyrir allt, sem hann vann landi sínu og samtíð.

Persónuleg kynni mín af Bjarna Benediktssyni hófust með atvikum, sem hér verða ekki rakin nema lítt. Ég var honum þá ókunnur og hafði aldrei við hann rætt, félitili háskólastudent, sem ekki sá ráð til að greiða úr vandamáli, sem mér þótti sæmd mín við liggja að leysa. Í einhverri ofdirfsku fór ég upp í stjórnar ráð og bað um viðtal við Bjarna Benediktsson ráðherra og fékk það. Ég lagði vandamál mitt fyrir hann og bað um aðstoð. Og hér var ekki verið að vefja mál, hugsa sig um eða biðja big að koma síðar. Ég man orð hans enn sögd með þungri áherzlu: það er alveg sjálfsgagt. Umsvifalaust og skilirðislaust var hjálpin veitt og það ríflga. Ég fór alls hugar feginn af fundi hans. Hag mín um og sóma var borgið.

Sjálfsgagt er þetta aðeins eitt dæmi af mörgum slíkum, svo tamt sem honum var að veita liðsinni sitt, og naumast hefur hann vitað, hversu mikil-

væg mér voru erindislokin. En slík atvik, slík frumkynni af manni, geta grópaðt svo í vitund okkar, að þau geymist þar með ævilöngu þakklæti. Öll mín síðari viðkyning af Bjarna Benediktssyni hefur staðfest þessa fyrstu reynslu, og fyrir það langar mig til að þakka.

Sjálfstæðisfólk um land allt finnur nú sárt til þess, hverju það er svipt. Bjarni Benediktsson var ekki aðeins leiðtogi með yfirburðum. Hann var líka mikill flokksmaður og bar áttubrúðir, og að því leyti finnst mér hann hafa verið ná komnari mönnum en margir aðrir flokksforingjar. Hann ætlaðist líka til mikils starfs af flokksmönnum sínum. Sjálf um var honum dyggð að duga og það má vera nokkur huggun í harmi, að hann féll frá óhrörnaður og starfhæfur í bezta lagi. Aldrei sparaði hann sig til ferða eða fundarhalda, næstum að segja hvar og hvenær sem var, en allir fundu, hver styrkur og uppörvun var að komu hans, máli hans og viðkyningu. Þar fór þytur um sali, sem hann tók til orða. Flestum öðrum betur kunnir hann að fara fyrir öðrum mönnum, standa í fylkngarbrjósti bæði í sókn og vörn, og þó einkum í sókn.

Á ferðum hans um landið til funda, erindrekarar og mannfagnaðar fylgdi Sigríður kona hans honum jafnan, eftir að hún gat því við komið fyrir heimilisönnunum. Hún vann skjótt hug og hjarta allra, er henni kynntust, alþýðleg og höfðingleg í senn. Kostir þeirra beggja skirðust og göfguðust í góðri sambúð. Við biðjum þeim og dóttursyninum unga blessunar og fararheilla.

Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins á Norðurlandi eystra flytur þeim Bjarna og Sigríði alúðarþakkkir fyrir sleitulaust starf í þágu flokks og þjóðar, en afkomendum þeirra og ástvinum öllum sendir það innilegar samúðarkveðjur.

Gísli Jónsson.



Bjarni Benediktsson á stofnfundi Kjördæmisráðs Sjálfstæðisfl. í Norðurlandskjördæmi eystra á Akureyri 7. júlí 1962.


Alþýðu blaðið

Föstudagur 10. júlí 1970 — 51. árg. 149. tbl.

Fréttir um harm-
leikinn á Þing-
völlum eru á bak-
síðu og blaðs. 3



**FORSÆTISRÁÐHERRAHJÓNIN
OG DÓTTURSONUR ÞEIRRA
FÓRUST Í ELDI Í NÓTT**



Svona leit ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum út. Eins og sést á uppdrættinum á baksíðunni stóð hann skammt frá Valhöll. Upphaflega stóð húsið þó á öðrum stað, en var flutt fyrir alþingishátíðina 1930. Húsið var reist 1907 sem bústaður fyrir Friðrik konung VII. er hann heim sótti landið, og síðan hefur það verið notað sem sumarbústaður ráðherra og til að hýsa tigna gesti erlenda.

„Þakið feyktist af húsinu...“

□ Sumarbústaður forsætisráðherra við Þingvallavatn var rústir einar í morgun er blaðamaður Alþýðublaðsins kom austur í morgun. Vindur var mjög hvass norðaustan í nótt og hefur það valdið því að húsið fuðraði upp á svo skömmum tíma, eða á um klukkustund. Hins vegar stóð lítið hús, sem var notað sem gestahús, norðan við bústaðinn, og skemmdist það ekki. Sömuleiðis var spennistöð fast við húsið, og bráðnaði ekki einu sinni af henni málningin. Hins vegar fór straumur af húsunum í kring fljótlega eftir að kviknaði í.

Ekkert er vitað um eldsupp-tök og mjög erfitt að rannsaka rústirnar þar sem allt er brunn ið, sem brunnið gat. Menn frá rafmagnsveitum ríkisins voru kallaðir út í nótt. Voru þeir enn að rannsaka rústirnar og

spennistöðina í morgun, en höfðu ekki fundið neitt sem hefði getað valdið íkveikju um tíuleytið er blaðamaður hafði tal af þeim. Njörður Snæholm rannsóknarlögreglumaður fór austur í nótt og fór aftur austur skömmu fyrir hádegi ásamt Ingólfi Þorsteinssyni yfirlög-regluþjóni.

Það voru hollenzkir ferðamenn, sem eldsins urðu fyrst varir, og hafði blaðamaður tal af þeim í morgun. Er þetta ungt fólk, sjö saman í hóp, og kom til landsins til að vera á hestamannamótinu á Skógar hólum.

Sagðist þeim svo frá, að tjald þeirra hefði fokið og þau hefðu því ekið að Valhöll og ætlað að sofa í bílnum. Kom ferðafólkið að Valhöll um kl. hálf tvö og veitt þá athygli miklum bjarna í glugga bú-

Framhald á bls. 11.



Hollendingarnir, sem fyrstir urðu eldsi ns varir.

Æviferill dr. Bjarna Benediktssonar

Dr. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra fæddist 30. apríl 1908 í Reykjavík. Foreldrar hans voru Benedikt Sveinsson alþingismaður og kona hans, Guðrún Pétursdóttir. — Bjarni lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1926 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1930. Næstu tvö ária stundaði hann framhaldsnám í stjórnlagafræði í Berlin og Kaupmannahöfn, en 1932 gerðist hann prófessor við Háskóla Íslands og gegndi því embætti unz hann gerðist borgarstjóri í Reykjavík 1940. Borgarstjóraembættinu gegndi Bjarni til ársins 1947. Hann var utanríkis- og dómsmálaráðherra 1947—1953, dóms- og menntamálaráðherra 1953—1956. Þá gerðist hann aðalritstjóri Morgunblaðsins til 1959. Dóms- og iðnaðarmálaráðherra var hann 1959—63, en það ár tók hann við embætti forsætisráðherra af Ólafi Thors og hefur gegnt því síðan.

Bjarni hóf ungur afskipti af stjórnámum. Hann var alþingismaður frá 1942, bæjarfull-

trúi í Reykjavík 1934—42 og 1946—49. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins átti hann sæti frá 1936, og formaður flokksins frá 1961. Hann var formaður í landsmálafélaginu Verði 1945—46, og auk þess gegndi hann fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum á fvetvangi stjórnmalanna.

Dr. Bjarni Benediktsson hefur ritað fjölmargar bækur og greinar, bæði um stjórnmálaleg, lögfræðileg og söguleg efni. Hann hefur verið formaður í stjórn Almenna bókafélagsins frá stofnun þess 1955. 1961 varð hann heiðursdoktor í lögum við Háskóla Íslands.

Dr. Bjarni Benediktsson var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Valgerður Tómasdóttir, en hún andaðist árið 1936 eftir tæplega árs hjónaband. Síðari kona hans var Sigríður Björnsdóttir skálistjóra í Ánanaustum Jónssonar, f. 1. nóvember 1919. Börn þeirra eru fjögur: Björn f. 14. nóv. 1944, Guðrún f. 13. júní 1946, Valgerður f. 13. jan. 1950 og Anna f. 18. júní 1955.

RUST-BAN RYÐVÖRN

Höfum opnað bíla-ryðvarnarstöð að Ármúla 20.
Ryðverjum með Rust-Ban efni eftir ML-aðferðinni.

RYÐVARNARSTÖÐIN H.F.

Ármúla 20 — Sími 81630.

Alþýðu blaðið

Útgefandi: Nýja útgáfufélagið
 Framkvæmdastjóri: Þórir Sæmundsson
 Ritstjórnar: Kristján Bersi Ólafsson
 Sighvatur Björgvinsson (áb.)
 Ritstjórnarfulltrúi: Sigurjón Jóhannsson
 Fréttastjóri: Vilhelm G. Kristinsson
 Auglýsingastjóri: Sigurjón Ari Sigurjónsson
 Prentsmiðja Alþýðublaðsins

Hörmulegur atburður

Eldur kom upp í gömlu sumarhúsi á Þingvöllum síðastliðna nótt. Fyrr en nokkuð varð að gert, hafði þar gerzt mikill harmleikur. Forsætisráðherra Íslands, kona hans og ungur dóttursonur höfðu látið lífið.

Þjóðin varð harmi slegin, er þessi ótíðindi bárust um landið í morgun. Hinn hörmulegi mannskaði var ærið tilefni til þess, að fólk hlustaði höggdofa á fyrstu frásagnir um slysið, þar sem glæsileg hjón og barnabarn þeirra létu lífið. Að auki hafði þjóðin misst áhrifamesta forustumann sinn, forsætisráðherra landsins.

Dr. Bjarni Benediktsson hafði að baki sér glæsilegan starfsferil, er hann fórst fyrir aldur fram, 62 ára. Hann var umdeildur eins og allir stjórnmálamenn, en það gat engum dulizt, að hann var stór í sniðum hvað snerti gáfur og menntun, reynslu og stjórnvirkni. Hann var einn þeirra fáu, sem gátu hafið sig upp yfir dægurþras og séð viðburði og vandamál af hærri sjónarhól. Íslandssagan mun án efa skipa honum sess sem einum fremsta forustumanni þjóðarinnar á þessari öld.

Eftir óvenju glæsilegan námsferil gerðist dr. Bjarni prófessor í lögum. En leið hans hlaut að liggja inn á svið stjórnmálanna. Hann varð borgarstjóri í Reykjavík um árabíl, en í upphafi heimsófridarins kom til hans kasta á því sviði, sem hefur sennilega verið honum kærast: frelsismáli Íslendinga. Lögfróður og sögufróður tók hann þátt í viðbrögðum Íslendinga við hernámi Danmerkur og atburðum frá þeirri stundu til lýðveldisstofnunar. Eftir það beindist áhugi hans mjög að utanríkismálum og gegndi hann miklu hlutverki sem ráðherra á því sviði. Síðustu sjö árin var hann forsætisráðherra, og höfðu Alþýðuflokksmenn, sem störfuðu í ráðuneyti hans, ærin tækifæri til að kynna hæfileikum hans og stjórnvirkni.

Frú Sigríður Björnsdóttir var glæsileg kona, sem bar sinn hlut af ábyrgðarstörfum manns síns með ágætum, og var honum dyggur förunautur. Dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmondarson, var skýr og efnilegur drengur, hvers manns hugljúfi.

Íslendingar, hvar sem þeir standa í flokki, finna sjálfir hvert tjón þjóðin hefur beðið við missi forsætisráðherra. Skarð hans verður vandfyllt.

Fjölskyldur hinna látnu finna harm sinn á annan hátt. Alþýðublaðið færir þeim dýpstu samúðarkveðjur.

Gerist áskrifendur

Áskriftarsíminn er 14900

ERLEND MÁLEFNI

Innanflokkságreiningur snýst í stjórnarkreppu

□ Allt getur gerzt í Ítalíu, samt gerist þar sjaldnast neitt. Mariano Rumor forsætisráðherra hefur nú beðið lausnar fyrir ráðuneyti sitt í fjórða skipti á þrem misserum, og spurningin er sú hvort að hann muni síðan mynda fjórðu stjórnina og þá með stuðningi hverra. Til þessa hefur hann stuðzt við bandalag vinstri flokkanna og miðflokkanna. Kristilegir demókratar hafa verið helzta aflíð í samsteyppustjórninni, sem sósíalistar, sósíaldemókratar og repúblikanar eiga einnig sæti í. Er hugsanlegt að næsta stjórn verði mynduð án þess að sósíaldemókratar eigi þar sæti?

Sósíaldemókratar setja ákveðin skilyrði fyrir stjórnarsamstarfi. Þeir eru andvígir hvers konar samstarfi við kommúnista, hvort sem það er á fylkisþingum eða í sveitarstjórn. Þessi krafa þeirra um skilyrðislausu baráttu gegn kommúnistum sprengdi nýja sameinaða sósíalísta flokkinn í fyrria og kom þá af stað stjórnarkreppu. Núna veldur sama ástæða því að stjórnin fellur: Moro hefur beygt sig fyrir kröfum hægri manna í kristilega demókrataflokknum. Hægriarmurinn í flokknum heldur því fram, að flokkurinn verði að velja samstarf annaðhvort við sósíalísta flokkinn eða sósíaldemókrata. Það sé ekki lengur hægt að vinna með báðum í senn, og hægri armurinn kys fremur að vinna með sósíaldemókrötum.

Vinstri armur flokksins vill hins vegar samstarf við sósíalísta. Á miðstjórnarfundum flokksins í fyrri viku sigraði vinstri armurinn undir forystu Donat-Cattins og Forlani aðalritara flokksins birti þá yfirlýsingu, sem skoðast sem þegjandi samþykki við því sem er að gerast í fylkisstjórnunum í Tosvana og Umbriú, en þar eru kommúnistar og vinstri sósíalistar að mynda stjórn með stuðningi sósíalísta flokksins. Þessi yfirlýsing virðist hafa magnað and-

staðurnar innan kristilega demókrataflokkans.

Forlani var öllum á óvart kjörinn aðalritari í fyrria, að því er virtist af einhuga flokki, því að hann var einróma kjörinn. En það var öllum ljóst að einingin var ekki raunveruleg. Flokkurinn er þræklofinn, og fyrrverandi forsætisráðherra, núverandi forseti öldungadeildar þingsins, Amintore Fanfani, hefur þar lykilstöðu mitt á milli armanna. Það er almennt viðurkennt að takmark Fanfanis sé aðeins eitt: að verða kjörinn forseti þegar kjörtímabil Saragats rennur út eftir fá ár. Hann verður að tryggja að hann verði tilnefndur sem forsetaefni flokksins, og það verður hann ekki nema með stuðningi bæði vinstri og hægri armsins. Þess vegna studdi Fanfani fráfarandi aðalritara, Flaminio Piccoli, sem var fulltrúi hægri armsins. Forlani var hins vegar fylgismaður Fanfanis sjálfs og talið krónprins hans. Það var Aldo Moro fyrrverandi forsætisráðherra sem stakk upp á kjöri Forlanis öllum á óvart, og þar með kom hann Fanfani í kljúfu. Til þess að bjarga máluðum tókst Fanfani að koma því um kring að Forlani var einróma kjörinn í embættið. Hefði Fanfani ekki hafizt handa hefði Forlani verið kjörinn með litlum meirihli, studdur af vinstri arminum undir forystu Donat-Cattins, fylgismönnum Moros og sum um af fylgismönnum Fanfanis. Og það voru einmitt þessir sömu aðilar, sem studdu hann á miðstjórnarfundinum á dögnum.

Gegn þeim Forlani, Moro og Donat-Cattin standa leiðtogar hægri armsins, Emilio Colombo og Giulio Andreotti og auk þess miðjumennirnir Taviani, Piccoli og Rumor. Afsögn Rumors er eðlileg afleiðing af þessum ágreiningi: hún er í samræmi við viðtekna pólitíska venju. Til þess að koma í veg fyrir alvarlega sundrung innan flokksins er deilumálum innan hans breytt í stjórnarkreppu. Með því vinnst tími og auðveldara

verður að koma á málamiðlun.

Þetta er þó ekki hættulegt fyrir kristilega demókrataflokkinn. Donat-Cattin hefur opinberlega lýst sig andstæðing Fanfanis og fer háðulegum orðum um forsetadraum hans, hvenær sem tækifæri gefst, meðal annars í vikublaði sínu Sette Giorni. Það telja ýmsir hugsanlegt að hann verði til þess að kljúfa flokkinn.

Grundvöllur nýs röttæks kapólsks flokks er þegar fyrir hendi; það eru samtökinn ACLI, kapólskt verkafélagsamband sem nær til alls landsins og Livio Labor, náinn vinur Donat-Cattins stjórnar. Með því að hótla að kljúfa flokkinn getur Donat-Cattin náð ýmsu fram. En gagnar það honum, að fá mynduða stjórn án þátttöku sósíaldemókrata?

Tölulega séð hafa kristilegir demókratar, sósíalistar og repúblikanar góðan meirihluta á þingi, en vitað er að hægri armur kristilega demókrataflokkans gæti hvenær sem er fellt slíka stjórn í leynilegri atkvæðagreiðslu. Með því móti hafa margar stjórnir á Ítalíu fallið og það er ótrúlegt annað en það eigi enn eftir að gerast.


Algjör slit hafa nú orðið milli sósíalísta og sósíaldemókrata. Sósíalistar hafa ætíð haft ákveðna samvinnu við kommúnista í héraðsstjórnunum, meðal annars í Bologna, og þeir munu halda því áfram. Næstu daga mun koma í ljós hve djúpstæð kommúnistahræðslan er hjá kristilegum demókrötum. Alis-herjarverkfall hefur verið boðað, og stjórnarslitin eru greinilega tímasett vitandi vits.

Júlí er oft hættulegur mánuður í ítölskum stjórnmálum. Atök geta vel blossað upp á næstu dögum. Og það verða án efa bornar fram tillögur um þingrof og nýjar kosningar. En það óttast margir lýðræðissinnar, því að í nýjum kosningum kynnu bæði kommúnistar og fasistar að auka styrk sinn.

(Arbeiderbladet

Carsten Middelthon)

Íslenszk vinna - ESJU-kex



Svona var umhorfs í brunarústunum í morgun. Það eina sem var uppistandandi var reyk háfurinn.

BÚSTAÐURINN BRANN TIL ÖSKU




Benedikt Vilmundarson, 4ra ára, lézt í brunanum í nótt. Hann var sonur Valgerðar Bjarnadóttur og Vilmundar Gylfasonar.

□ Skömmu eftir miðnætti í nótt gerðist sá hörmulegi atburður að eldur kom upp í sumarbústað forsætisráðherra á Þjágvöllum, Koningsbústaðnum gamla, og brann hann til kaldra kola á órstuttum tíma. Í brunanum fórust dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, eiginkona hans Sigríður Björnsdóttir og barnabarn þeirra, Benedikt Vilmundarson, 4ra ára.

Samkvæmt frásögn lögreglustjórans í Reykjavík barst fyrsta tilkynning um atburðinn kl. 1.50 í nótt, en 10 mínútum áður til Slökkviliðsins. Þegar lögreglumennirnir komu til staðarins voru komnir tveir slökkvibílar og sjúkrafreið. Þá var veður mjög slæmt, rok og rigning. Á þessum tíma var ekki vitað að nokkur hefði verið í bústaðnum, en það kom í ljós síðar um nóttina er lögreglan rannsakaði málið frekar. Um nóttina komu á staðinn sýslumaður Árnassýslu og yfirlosglupjóninn á Selfossi. Kl. 4.15 var tilkynnt að tvö lík hefðu fundizt í rústunum og skömmu síðar fannst þriðja lík íð af barninu. Líkin voru síðan flutt til Reykjavíkur.

Rannsóknarlögreglumenn hafa verið á Þjágvöllum í nótt og voru þar um hádegi.

Framh. á bls. 11.



Kortið sýnir hvar bústaðurinn er staðsettur á Þjágvöllum.

Hvað gerir dr. Gunnar Thor.?

Ýmsar hugmyndir á lofti – Í hlutverki de Gaulles –

Hvað gerist í málum Sjálfstæðisflokksins? er sú spurning, sem nú er á flestra vörum. Menn leita í huganum að eftirmanni dr. Bjarna Benediktssonar, en verður næsta fátt um svör. Ýmsir eru þó tilnefndir, en fáir útvaldir. Það er mjög titt, að talað sé um Gunnar Thoroddsen, dómara, sem tilvonandi „stóra“ mann flokksins, þótt fullyrða megi, að Gunnar hreyfi sig lítt eða ekki pólitískt að svo stöðdu máli.

Í þessu sambandi benda menn á það, að Gunnar hafi enn miklum vinsældum að fagna, og hafði, á sinum tíma, flest atkvæði að baki sér, í borgarstjórnarkosningu, ef frá er dreginn kosningasigur dr. Kristjáns Eldjárns. Þá er og bent á, að Gunnar hafi ýmsa leiðtogahæfileika til að bera, samningslipurð, reynslu, glæsímennsku og skarpar gáfur.

AÐ BÍÐA

Aðrir telja að ekki þýði fyrir Gunnar að hafa afskipti af

stjórn málum enn sem komið er, en biða heldur fram á haust ið, er séð verður hversu leikar fara með þeim, sem nú eru taldir líklegastir til leiðtoga. Myndi hann þannig vita vel hvernig vindar blésu og haga sér í samræmi við það.

ÚRSLIT

Það er talið líklegt, að innan skamms muni draga til úrslita innan flokksins og eru sagðir all-margir sem ætla sér hinar æðstu vegtyllur. Talið er að kosningar séu í vændum, enda líklegt, að Alþýðuflokkurinn

vilji kenna sig við aðra stefnu, en þá sem Sjálfstæðisflokkurinn er kenndur við.

TIL AFREKA

Vinir Gunnars segjast sjá hann í hlutverki de Gaulles, hins franska, sem beið um árabíl eftir kalli þjóðarinnar og, reyndar, náði landi og þjóð upp úr feni algerrar niðurlægingar, stjórnskipta og fallandi gengis frankans. Segja þeir Gunnar nú drjúgum súpa af brunni gamallar reynslu og að hann muni ekki risa úr eldstö fyrir en til afreka komi.

EKKERT VITAÐ

Gunnar í hlutverki de Gaulles er vafasamt, svo ekki sé sagt

meira. Kosti hans metur almenningur að visu, en margir telja að hann sé þreyttur og slitinn og kjósi helst að sitja á friðarstóli. Þetta mun langt frá því að vera satt. Gunnar er enn á bezta starfsaldri og hefur marga kosti framyfir þá er nú munu seilast til valda. Hann er því nú, eins og kallað er í erlendum stjórn málum „black horse“, sá svartí jör, sem enginn veit neitt um.

Michelsen eða Axminster

Það hefur vakið furðu margra, einkum kaupþýslumanna, að í umferð eru svonefndar „boka“-eldspýtur, með auglýsingum á hlið stokksins, sem auðveldlega verða rifnar af. Ytri auglýsingin er frá Franch Michelsen, sem auglýsir Ginsboúr, en þegar hún er rifin af kemur í ljós „Axminster — Annað ekki“, sem er kunn auglýsing frá fyrirtækinu. Þetta kemur mönnum spanskt fyrir sjónir, því sýni lagt er að Axminster auglýsingin er sú upprunalega.

Eldspítur þessar má fá víða, en mönnum er ekki allveg ljóst hverskonar „trikk“ er hér um að ræða, enda kynleg athöfn af hálfu fyrirtækjanna.

MISTÖKIN VERÐA ENDURTEKIN

Nýja „Hekla“ óbreytt –
Enginn sjómaður í ráðum

Ekki er að sjá, að skipabygginganefnd Ríkisskips hafi nokkuð lært af þeim mistökum, sem áttu sér stað við byggingu Heklu, aðal strandferðaskips okkar. Hér er ekki aðeins átt við þá vélargalla og annað, sem fram kom er Hekla hafði verið í siglingum nokkrar vikur, heldur innréttingar allar og aðbúnað. Nú er annað skip í smíðum nýrðra og hefur nefndin engar tillögur um breytingar lagt fram, né heldur haft í ráðum starfandi sjómenn. Nýja skipið verður nákvæm eftirlíking af Heklu.

ENGIN SKÝRING

Öll aðstaða til þjónustu er erfiðasta. Matsalir á tveimur hæðum, þrengsli til athafna hjá starfsliði í eldhúsi og nálega allt gert til að íþyngja starfsfólki.

Eins og fram kom í blöðum var mikil óánægja hjá farþegum, vélamönnum og áhöfn almennt. Slippurinn gaf enga skýringu á mistökum, utan þeirra er fréttaritari Mbl. birti eftir framkvæmdastjóra. Síðan hefur ekkert heyrzt, nema að smíði hins nýja skips seinki.

Það er undarlegt, að ekki skulu löggöf drög að því, að breyta og lagfæra þá galla sem fram hafa komið.

Vel má afsaka og skilja, að mistök hafi orðið. En hversvegna er ekki leitað til sjómanna og annarra starfsmanna skipsins. Nefndina skipa þeir Brynjólfur Ingvarsson, Ólafur S. Valdimarsson, Garðar Ingvarsson, Hjálmar Bárðarson, Örn Marinsson og Guðjón Teitss. Þessum mönnum hljóta að vera kunnir gallar skipsins og ætti að vera í löfa lagið að fá þá lagfærða.

ENN TÆKIFÆRI

En því er ekki að heilsa. Þótt áherzla hafi verið löggöf á lestarrými, þá ber líka að gæta hagsmuna starfsfólks og farþega. Þessu er engu sinnu. Ennþá hefur skipið 3 sjónvörp, en ekkert útvarp! Ferðalög matreiðslufólks með diska og fót milli hæða er hláleg og ekki annað en óþörf fyrirhöfn.

Skipaútgærd ríkisins ætti að sjá að sér í þessum efnun áður en það er um seinan.

Geir ráðherra – Hvar eru loforð?

Ingólfur Jónsson álitinn
heppilegur forsvarsmaður

Telja má líklegt, að Geir Hallgrímsson, borgarstjóri, taki nú sæti á þingi sem fyrsti varamaður dr. Bjarna. Þetta hefur gefið tilefni til nokkurra þanka í sambandi við göngu Geirs upp mannvirðingastigann.

Opinbert loforð Geirs er að sinna, næstu fjögur árin, starfi borgarstjóra. Að visu gat hvorki hann né aðrir séð fyrir hinn voðalega eldsvoða eystra. En þjóðfélagið verður ekki stöðvað og hvað gerir Geir?

Margir ætla að Birgir Ísleifur muni taka við stöðu Geirs í borgarstjórn, en Geir lyftist til a. m. k. tímabundinna virðingastarfa í ríkisstjórn. Þetta má telja ólíklegt. Ýmsar raddir telja, að aðrir verði til þess að fylla embætti dómsmálaráðherra, því nú er Jóhann Hafstein forsætisráðherra. Vitað er, að leitað muni til lögfræðimenntaðra manna innan þingmannaliðsins. Jónas Rafnar er talinn útlokaður, en sumir telja að Friðjón Þórðarson, sýslu- og þingmaður, hafi nokkra möguleika, en Mathías Matthiesen, þingmaður, er einnig nefndur, en hann hyggur mjög á frama. Gömlu hlunkarnir koma fæstir, ef nokkrir, til greina.

Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra, er nú titt talinn eitt heillavænlegasta efni formanns flokksins a.m.k. meðan óvissa ríkir. Ingólfur hefur það sér til ágætis sem sjaldgæft er, að hann er í senn traustur og áreiðanlegur, vinsæll og starfssamur. Þykir mönnum að ekki væri úr vegi, að Ingólfur héldi um stjórnvölinn, þar til mál skipast.

Ingólfi treysta allir menn, og vonandi tekst svo til að flokknum hljótist sú gæfa að hafa öruggan og farsælan, óumdeildan mann í fararbroddi, meðan öldur innan flokksins eru óværar.

Í BLAÐINU Í DAG:

Flokkur án leiðtoga
KAKALI

Síðu 4.

Bréf frá lesendum

Síðu 5.

Playboy fær keppinaut

Biskupinn og nektarmeyjan

Síðu 3.

Leiðari

Síðu 4.

Úr sögu lands og lýðs

Síðu 2.

Stríðsglæpir Bandamanna

Síðu 8 og 6.

O. m. fl.



Margir bændur mundu telja stúlkuna að tarna notalega kaupakonu.

Mánudagsblaðið

Bláð fyrir alla

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: AGNAR BOGASON.
Sími ritstjórnar: 13496. — Auglýsingasími: 13496.
Verð í lausasölu kr. 25,00. — Áskriftir ekki teknar.
Prentsmiðja Þjóðviljans.

Hörmulegt áfall

Það má fullyrða, að fátt hafi snert næmstu strengi þjóðarinnar en hið hörmulega lát dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, konu hans og barnabarns. Menn setti hljóða er fregnin barst og fæstir vildu trúa því, að því lík voðatiðindi gætu skeð á nútíma Íslandi.

Fráfall dr. Bjarna er ekki aðeins persónulegur harmleikur heldur reiðarslag íslenskum stjórnárum. Þótt menn deildi á um pólitískar skoðanir dr. Bjarna, þá efaðist enginn um að hið mikla áhrifavald hans, stjórn hans á helstu málefnum þjóðarinnar um áratug, myndu, við fráfall hans, skilja eftir djúpt skarð á sviði þjóðmála, skarð sem seint yrði fyllt.

Örlögin höguðu því svo, að þessi mæti stjórnárumaður, einn þekktasti maður Íslands á alþjóðasviðinu, var hrifinn burtu af sjónarsviðinu, ásamt konu og dóttursyni, fyrirvarlaust og á hörmulegasta hátt.

Á Íslandi, þar sem pólitískt ofstæki, sem hrjáir valdamenn í ýmsum löndum, þekkist ekki, þurfti eldur að binda enda á langan og tilþrifamikinn pólitískan starfsferil. Er þetta í senn hörmuleg og lærdómsrík reynsla fyrir þá sem eftir lifa, að hafa stöðugar gætur á öryggi þeirra, sem í hvert skipti skipa æðsta sess í þjóðfélaginu.

Andstæðingar dr. Bjarna á sviði þjóðmála hafa allir lokið upp einum munninum um persónulegt ágæti hans, dugnað, kosti og menntun. Engir munu draga í efa, að þar eru allir einlægir og hreinskiptir í umsögnum sínum. Þjóðin hefur, utan persónulegs harms, beðið mikinn skaða af fráfalli hans.

Um leið og við tökum undir öll þau góðu orð, sem látin hafa verið falla um hinn látna forsætisráðherra, viljum við færa öllum aðstandendum þeirra hjóna og litla drengsins innilegar samúðaróskir.

tyli^H
AUSTURSTRÆTI 20, REYKJAVÍK

LJÓSMYNDAVÖRUVERZLUNIN
Í HIARTA HÖFUÐBORGARINNAR

Höfum á boðstólum hvers konar ljósmyndatæki og ljósmyndavörur. Önumst framköllun og kopieringur.

Litið inn og reynið viðskiptin.

VERIÐ VELKOMIN.

TÝLI — Austurstræti
Sími 14566.

Tökum að okkur

breytingar, viðgerðir, húsbýggingar. Endurnýjum allan gamlan harðvið.

Upplýsingar í síma 18892.

VÖNDUÐ VINNA.

KAKALI SKRIFAR

Í HREINSKILNI SAGT —

Fráfall dr. Bjarna Benediktssonar er, sennilega, eitt mesta reiðarslag, sem komið hefur yfir Sjálfstæðisflokkinn. Það má á margan hátt segja, að dr. Bjarna hafi verið Sjálfstæðisflokkurinn a.m.k. eins og hann hefur verið rekinn undanfarið áratug.

Þetta er ekki nýtt fyrirbrigði í sögu íslenskra stjórnárum, fremur en erlendra, því t.d. má segja að Jónas frá Hriflu hafi verið Framsóknarflokkurinn um vist tímabil. Tryggvi Þórhalsson Bændaflokkurinn og mýmörg dæmi eru þess erlendis, að einstaklingar hafa verið svo miklir persónuleikar, að flokkar þeir eða hreyfingar, sem þeir veittu forustu urðu eins konar samnefnar persónulegu nafni leiðtogans.

Hið skyndilega lát dr. Bjarna hefur því óumflýjanlega leitt almennung til umhugsunar um framtíð Sjálfstæðisflokksins, hver tæki við og hverjir yrðu framtíðarleiðtogarnir, sem skipuðu sæti hins fáltna formanns.

Þegar Ólafur Thors lézt voru aðstæður allar aðrar. Ólafur var síðari árin tiltölulega óvirkur leiðtogi flokksins sakir sjúkleika, hafði dregið sig mjög frá öllum flokksstörfum og jafnvel stjórnárum yfirleitt. Hann var þá mest sameningartákn flokksins, en á herðum dr. Bjarna hvíldu öll veigamestu störfin, dagleg umsvif og ákvarðanir voru að heita mátti hans einar saman. Þessvegna var svo þegar Ólafur lézt, að reyndur, starfssamur, dugmikill eftirmaður var fyrir hendi, sem sjálfsgöður þótti til forustu. Hinn vel smurði gangur flokksvélarinnar raskaðist ekki hót, stjórnartáumarnir voru þegar í öruggum höndum.

Nú horfir öðruvísi við. Hið skyndilega lát dr. Bjarna sviptir flokkinn ekki aðeins sterkasta forustuaflinu heldur og skilur flokksstjórnina eftir höfuðlausa og hálfinglaða einna helzt eins og fjölskyldu, sem misst hefur húsbóndann frá konu og ungum börnum.

Sú staðreynð blasir við, að Sjálfstæðisflokkurinn er, eins og stendur, algjörlega forustulaus og enn benda engar líkur til hver taki að sér hið raunverulega flokksforingjahlutverk, sem dr. Bjarna gegndi. Jóhann Hafstein er að visu forsætisráðherra og, að nafni einu saman, formaður flokksins. Stjórnárumalegur ferill Jóhanns er þó vart annað en dæmigerður ferill Heimdallarpilts, sem skyndilega er hrifinn úr tiltölulega rölegum

og öldulausum sæ „já“ mennskunnar í skyldur ákvarðana og formennsku. Hann á ekki lengur hina auðveldu laus vandamála að leita til leiðtogans um endanlegar ákvarðanir, eins og á dögum þeirra Ólafs og Bjarna. Flokksráðið var bundið þessum mönnum og þó að vandamál, sem upp komu við og við, væru, að nafninu til, rædd innan flokksins, þá voru endanleg ráð öll í höndum þessarra valdamanna og þótt liðið kurraði oft illa, þá mátti heita að engin tiltakanleg misliði eða óánægja yrði um þær ákvarðanir, sem þeir endanlega tóku. Jafnvel þær, sem Ólafur ekki síður en Bjarna tóku, þvert ofani yfirlýsta stefnu flokksins. Persónuleiki Ólafs, lipurð hans og glæsismennska annarsvegar, dugnaður, einbeiti og skapfesta dr. Bjarna hinsvegar. Báðir gátu þeir og gerðu fylgt skoðunum sínum og ákvörðunum meðfæddum hæfileikum, þótt misjafnir væru. Báðum tókst að ha'ða saman flokki, sem samrýmdi a.m.k. á yfirborðinu, hin ólíkustu og oft næst ósamræmanlegustu sjónarmið og hagsmuni.

Nú verður ekki um deilt, að flokkurinn er, in facto, forustulaus. Sterkustu aðilar flokksins eru þeir Jóhann Hafstein og Geir Hallgrímsson. Það er mikið álitamál hvort annaðhvor þessara manna geti haldið stjórnar- amunum á borð við fyrirrennara sína. Jóhann hefur ekki til þessa, sýnt þá leiðtogahefuleika, sem æskilegt er að flokksformaður búi yfir þótt hann hafi ýmsa hæfileika, vissa reynslu af löngum stjórnárumferli, þá þarf annað og meira til að veita flokki, eins og Sjálfstæðisflokknum forustu. Einurð og lipurð blandast þar meira ofsa og illa falinni mikilmennsku, en góðu hófi gegnir, skapbrestir eru margir. Jóhann er ekki ástsæll maður og hefur hinsvegar engan persónuleika né hörku til að beygja menn undir vald sitt.

Geir sótti öll ráð sín til Bjarna, hvorki tók né gerði ráðstafanir án þess að leita álits hans. Hin einstæða en pólitískt snjalla ráðstöfun hans að hótta kjósendum afsögn í borgarstjórn ef hann væri ekki kosinn af „hreinum“ meirihluta sem efsti maður listans, var, að allra kunnugra sögn, runninn undan rifjum Bjarna. Sjálfur er Geir mildur maður og gæfur, kemur vel fyrir og ber í einu og öllu hið rólynda fas „mannsins frá góða heimil-

inu“, sem þakkar sér malbikun gatna, í metravis, hitaveitubægingi, endurhæfingahelmsi fyrir drykkjumenn og sællifi anda og gæsa á Tjörninni. Allt eru þetta góðir kostir, mikil afrek, sem slík, en nægja þau til foringjahlutverks í stærsta pólitíska flokki landsins? Harka, ráðsnilld og röggsemi á tímum mislyndis og skoðanaskipta er enn ekki kominn í ljós í fari Geirs. Flokksstjórn er annað en svara forvitnilegum spurningum eða brosa góðlátlega í op inberum höfum. Hver verða örlög Geirs í viðskiptum við harkleikna þaulreynda andstæðinga hvort heldur á þingi eða mannfundum?

Sjálfstæðisflokkurinn á fáa menn hafa til forustuhlutverks. Magnús Jónsson er óvinsæll, aðallega vegna embættis þess sem hann skipar, litlaus og lítt fallinn til foringja, Ingólfur Jónsson, einn starfsamasti og dugmesti landbúnaðarmálaráðherra, sem við höfum haft, ábyrgur, réttorður og orðheldinn, er hlédragur maður, sem kunnugir segja, að óski ekki eftir tyllistöðum innan flokksins.

Í röðum flokksins á alþingi er ekki einn einasti maður, sem kalla má foringjaefni og enn síður hafa foringjaefni að sé hið feiknamikla hlutverk Bjarna heitins bæði í flokknum sjálfum og stjórnárum almennt.

Hér er um dælitíð undarlegt mál að ræða. Flestir stjórnárumflokkar á Íslandi hafa naga menn til að taka við ábyrgðarstöðum, ef einhver fellur frá. Framsóknarflokkurinn á langan lista af efnilegum mönnum, eitt mesta úrval í íslenskum stjórnárum, ef þeir fá að láta ljós sitt skína. Kratar eiga ýmsa hæfa menn. Alþýðubandalagið á auðvitað sína menn og jafnvel flokkskrílið hans Hannibals er ekki í vanda ef illa tekst til.

Eini flokkurinn á landinu, sem sýnilega á ekki til foringja né foringjaefni, svo enn sé vitað, er stærsti stjórnárumflokkur landsins, Sjálfstæðisflokkurinn. Það skal játað, að það er erfitt fyrir hvern einstakling sem er, að feta í fótspor þeirra Ólafs og dr. Bjarna. Báðir þessir menn voru stjórnur á íslenskum stjórnárumhimni, þótt þeir væru ólíkir í nær öllu.

Það má því búast við, þegar frá liður, að innan Sjálfstæðisflokksins verði háð hörð barátta um forustuhlutverkið. Keppendur virðast, að því Framhald á 6. síðu

Sjálfstæðisflokkur — Hver tekur við — Ekki á allra færi — Forustuliðið ekki sigurvænlegt — Þankar um framtíð